



# AFMÆLISRIT

Sumardagurinn fyrsti - 1989



*Lúðrasveit Stykkishólms  
45 ára*

*Tónlistarskóli Stykkishólms  
25 ára*

**Afmælisrit Lúðrasveitar Stykkishólms  
og Tónlistarskóla Stykkishólms  
Apríl 1989**

Forsíða: Jón Svanur Pétursson  
Útgefandi: Tónlistarskóli Stykkishólms  
Ritstjóri: Eyþór Benediktsson  
Ábyrgðarmaður: Daði Þór Einarsson  
Setning og prentun: Prentborg, Borgarnesi

**Efnisyfirlit:**

Fylgt úr hlaði (Eyþór Benediktsson)	Bls. 4	Kveðja frá Verkalýðsfélagi Stykkishólms (Einar Karlsson)	28
Ávarp bæjarstjóra (Sturla Böðvarsson)	5	Hnífar á lofti (Bjarni Lárentsinusson)	29
Stofnun Lúðrasveitar Stykkishólms (Árni Helgason)	6	Vinabæjaheimsókn 1986 (Ína Jónasdóttir)	30
Afmæliskveðja frá SÍL (Borgar Jósteinsson)	8	Nú skaltu læra á flautu (Sr. Hjalti Guðmundsson)	32
Afmæliskveðja (Birgir D. Sveinsson)	8	„Krimta í horni” (Jón Svanur Pétursson)	33
Fyrsta fundargerð Tónlistarfélagsins	9	Lítill kafli úr langri sögu (Hannes Gunnarsson)	36
Víkingur Jóhannsson (Benedikt Lárusson)	10	Tíkall úti að slá (Jón Ölver Pétursson)	37
„Fyrirmýndarskóli” (Jóhanna Guðmundsdóttir)	12	Ferð til A-Þýskalands 1988 (Sigrún Ársælsdóttir)	38
Í góðum hópi (Ólafur Steinþórsson)	12	„Ást við fyrstu sýn” (Guðrún Marta Ársælsdóttir)	39
Lúðrasveitin: Mikið menningartæki (Hinrik Finnsson)	13	Pú getur aldrei orðið söngvari (Eyþór Benediktsson)	40
Horfi björtum augum til framtíðarinnar (Daði Þór Einarsson)	14	Aldrei vinur althornsins (Eyþór Benediktsson)	42
Kennaratal	16	Myndasyrpa frá landsmóti SÍL 1979	44
Kveðja (Heiðar Marteinsson)	16	Lúðrasveit Tónlistarskólans 1984-85 (Mynd)	44
Þeir ætluðu að kaupa sér Andrésblað (Anna Sigrún Baldurssdóttir)	17	Pú getur aldrei orðið söngvari (Eyþór Benediktsson)	40

# Fylgt úr hlaði

Árið 1944 þegar heimurinn logar í ófriði stofna menn á Íslandi lýðveldi og lýsa því yfir að þeir séu frjáls og fullvalda þjóð og engum háðir. Það breytti kannski ekki miklu varðandi stríðið en efalaust hefur lýðveldisstofnunin verið fólkvi hvatning og merki um að nýir tímar væru runnir upp.

Hér í Stykkishólmi stofnuðu ungar menn lúðrasveit 20. apríl, á sumardaginn fyrsta. Raunar má segja að hér hafi verið reist við fallin merki þeirra lúðrasveita og hornaflokka sem hér höfðu starfað fyrr á öldinni – en það þurfti nýja menn. Menn sem höfðu brennandi áhuga á starfinu og voru tilbúnir að gefa mikið af sjálbum sér til að draumurinn gæti orðið að veruleika. Engar stofnanir eða félög eru eilíf og 45 ára saga Lúðrasveitar Stykkishólms er ágætt dæmi um hvernig félög lifnar og dafnar, stendur af sér áföll og finnur sér nýjar leiðir og markmið. Lúðrasveitin hefur alltaf verið síung, nýtt fólk hefur komið í hennar raðir og starfað misjafnlega lengi, eins og gengur, en lengst af var innan hennar raða harðsnúinn hópur áhugamanna sem vildi veg hennar sem mestan.

Það hefur ekki alltaf verið auðvelt í litlu bæjarfélagi að halda úti starfsemi á borð við lúðrasveit, það kemur ekki af sjálfu sér. Þetta vissu félagarnir sjálfir manna best og þess vegna var stofnun Tónlistarskóla Stykkishólms árið 1964 eðlilegt framhald Lúðrasveitarinnar. Enn í dag eiga þessi mæðgin samleið því nú er Lúðrasveitin skólalúðrasveit Tónlistarskólans og engin ellimerki á henni, nema síður sé.

Í þessu blaði er ekki gerð tilraun til að skrifa sögu Lúðrasveitar Stykkishólms og Tónlistarskólans. Markmiðið er einungis að draga upp mynd af starfinu á liðnum árum og kynna það starf sem nú fer fram á þessum vettvangi. Margt er þar vansagt, sumt of sagt en vonandi fátt missagt.

Við sem að blaðinu stöndum viljum þakka þeim fjölmörgu sem hafa skrifð í blaðið, lánað myndir og á annan hátt verið hjáplegir en fyrst og fremst ber okkur að færa þeim þakkir sem hófu starfið og fylgdu því fram á veg. Veginn sem alltaf er á brattann en reynist greiðsær og ferðin endalaus skemmtiferð þegar góðra manna og kvenna nýtur við. Því fólk er þetta blað helgað.



Sturla Böðvarsson  
bæjarstjóri

lýðveldisstofnunar og þjóðernis. Fátt er betur til þess fallið að efla þjóðernisvitund okkar en tónlist.

Í 25 ár hefur Tónlistarskóli verið mikilvægur bakhjalr alls tónlistarlfis og starfað í nánum tengslum við Tónlistarfélagið og Lúðrasveitina. Tónlistarskólinn hefur með hverju ári aukið starfsemi sína. Vikingur Jóhannsson var fyrsti skólastjóri og kennari skólangs. Jafnframt var Vikingur, svo sem kunnugt er, frumkvöðull og stjórnandi Lúðrasveitarinnar, og vann ómetanlegt brautryðjandastarf. Eftir að sveitarfélögum var með lögum falið að annast rekstur tónlistarskóla hefur Stykkishólmsbær haft á hendi rekstur Tónlistarskólans. Árið 1975 var Vikingur ráðinn skólastjóri og fastur kennari á vegum bæjarins. Þar með hófst nýtt tímabil sem hefur verið mjög gróskumikið. Síðan Vikingur létt af störfum árið 1977 hafa verið tveir skólastjórar við skólann. Norðmaðurinn Arne Björhei og Daði Þór Einarsson, sem hefur starfað frá árinu 1981.

Nú starfa auk skólastjóra fjórir kennarar við skólann. Auk skólastjóra og kennara sem hafa starfað við skólann, hafa skólanefndir markað mikilvæg spor við uppbryggingu hans. Í fyrstu fór stjórn Tónlistarfélagsins með málefni skólangs og var fyrsti formaður þess Árni Helgason póstmeistari. Eftir að bærinn tók við rekstri skólangs hafa formenn Tónlistarskólans verið: Benedikt Lárusson, Bjarni Lárentsínusson og Jóhanna Guðmundsdóttir.

Öllum þeim sem starfað hafa við skólann og setið í skólanefnd eru þökkuð giftudrjúg störf í þágu skólangs og tónlistarlfis í bænum. Óhætt er að fullyrða að Tónlistarskólinn hafi notið sérstaks velvilja hjá bæjarstjórn. Framlag til skólangs hefur verið með því mesta sem þekkist hjá sveitarfélögum á hvern íbúa og er skólinn orðinn með stærstu rekstrarliðum bæjarins.

Ekkir ekki að esa, að sú áhersla sem bæjarstjórn leggur á tónlistarkennslu og tónlistarlfí í bænum, skilar sér í betra menningar- og mannlifi og skipar Stykkishólmi á bekk meðal þeirra bæja, sem leggja hvað mest til menningar- og menntamála.

Undirritaður þakkar stjórnendum Lúðrasveitar og Tónlistarskóla Stykkishólms ánægjulegt samstarf og væntir þess að tónlistarlfí megi áfram vera öflugt í Stykkishólmi um ókomin ár.

Stykkishólmi 14. febrúar 1989.

## Ávarp bæjarstjóra

Á merkum tímamótum eru Lúðrasveit Stykkishólms og Tónlistarskóla Stykkishólms færðar árnaðaróskir frá Stykkishólmsbæ.

Lúðrasveit Stykkishólms var formlega stofnuð 20. apríl 1944 og er því 45 ára. Tónlistarskóli Stykkishólms var hinsvegar stofnaður 9. apríl 1964 og er 25 ára.

EKKI fer á milli mála að báðar þessar stofnanir Lúðrasveitin og Tónlistarskólinn hafa gegnt mikilvægu hlutverki í bæjarlífini. Tónlistin auðgar tilveruna jafnt fyrir þá sem hana flytja og þá er njóta hennar.

Lúðrasveitin hefur allt frá stofnun sett sérstakan svip á bæjarlífíð og ber að þakka sveitinni, stjórnendum hennar og hljóðfæraleikurum fyrir mikið og óeigingjarni starf. Slíkt áhugamannastarf er ómetanlegt fyrir bæjarfélagið.

Allt starf Lúðrasveitarinnar hafa bæjarbúar kunnað að meta og sýnt það í verki með stuðningi bæði beint og óbeint. Stykkishólmsbær hefur veitt Lúðrasveitinni beinan styrk með árlegum framlögum auk þess sem bærinn kostar rekstur Hljómskálans. Er þess að vænta að sá stuðningur megi verða til þess að Lúðrasveit Stykkishólms geti starfað áfram af ekki minni þrótti en á þeim árum sem liðin eru.

Lúðrasveitin var stofnuð sama ár og lýðveldið. Það ætti að vera Hólmurum öllum hvatning til þess að efla og styrkja Lúðrasveitina og minnast með þeim hætti

## Árni Helgason: Stofnun Lúðrasveitar Stykkishólms

Það er mér ánægja að minnast á þessum tíma 45 ára afmælis Lúðrasveitar Stykkishólms og 25 ára afmælis Tónlistarfélagsins en í þessum samtökum var ég í fararbroddi um mörg ár og erfíð.

Ég kom til starfa hjá sýslumann sem fulltrúi árið 1942. Hafði áður starfað að slíkum störfum á Eskifirði þar sem ég ólst upp. Lúðrafélag þar var stofnað 1926. Og í þá sveit gekk ég 1935. Ég átti góðan vin á Eskifirði sem ég saknaði mikil þegar til félagslegra starfa byrjaði hér. Það var Víkingur Jóhannsson og við höfðum seinstu ár míin á Eskifirði starfað í Lúðrafélaginu þar. Þegar ég hafði verið um hálft ár hér varð það úr að ég bauð Víkingi að koma hingað og útvegaði honum starf hjá Sig. Ágústssyni. Hann kom í október 1942. Víkingur var, eins og sagt er, sjálfmenntaður hljómlistarmaður, hafði í fórum sínum harmoniku sem kom sér vel í skemmtanalífinu. Húsnaði var ekki til hér svo við urðum að deila einu herbergi saman. Fljótt var byrjað að riða upp Eskifjarðarárin og kom þá lúðrablásturinn inn í talið og oft var þess saknað

hafa ekki svona sveit hér í Hólminum. Okkur var kunnugt um að eftir að við fórum frá Eskifirði byrjuðu dauðateygjurnar í félaginu fyrir austan. Þetta mál var því oft rætt og svo kom málum að við ákváðum að hefjast handa og stofna lúðrasveit ef möguleikar væru til þess, enda hvattir af gömlum Lúðrasveitarfélögum frá liðinni tíð. Nokkrir lúðrar voru enn til í Hólminum og voru þeir athugaðir og gert við sem hægt var. Lárus Rögnvaldsson og Sigurður Sigurgeirsson voru hjálpögir. Og á sumardaginn fyrsta 1944 var Lúðrasveitin formlega stofnuð. Við þá stofnun dreymdi okkur sannarlega ekki um langa tilvist. Þetta voru áhugasamir sjálfboðaliðar sem komu saman til að auðga hljómlistarflí bæjarins, vitandi það að þær lúðrasveitir sem starfað höfðu hér áður áttu skamma tilvist.

En sem sagt, það var farið af stað og safnað fé í bænum til styrktar og kaupa á hljóðsærum og var mikil og almenn þátttaka sem lyfti undir. Það er ekki of sagt að langmest mæddi þetta allt á Víkingi, bæði að vera í



Lúðrasveit Stykkishólms 1945. Fremri röð frá vinstri: Árni Helgason, Oddgeir Þorleifsson, Benedikt Lárusson, Vikingur Jóhannsson, Hinrik Finnsson, Pétur Jónsson.

Aftari röð: Þorleifur Jóhannsson, Bjarni Lárusson, Bjarni Lárentsínusson, Skúli Bjarnason, Heiðar Marteinsson, Gunnlaugur Lárusson.

forstu og svo æfa og stjórna og þol hans bjargaði oft þegar tvísýnt var um afkomu. Hann fór austur á Eskifjörð og aflaði þar nótta sem við fengum að afrita. Hann fór á ýmsa staði til hljóðfærakaupa, og svo var hann kennarinn og þurfti að æfa hvern félaga. Erfitt oft en skemmtilegt. Við komumst í vinfengi við Lúðrasveitina Svan og Lúðrasveit Reykjavíkur sem studdu okkur vel fyrstu skrefin og þeir sem komu fyrst til að æfa með okkur voru Guðlaugur Magnússon og Albert Klahn sem átti eftir að verða mikill vinur okkar meðan hann lifði og útsetja fyrir okkur mörg lög. Haustið 1944 var svo komið að 7 félagar léku á kvenfélagsskemmtun 5 lög við „mikla hrifningu“.

Þá var ísinn brotinn og byrjað að leika við ýmis tækifæri. Á 10 ára afmælinu höfðum við farið á þó nokkra staði og leikið þar. Við vorum með i stofnun

málanna varð síðar sú að tengja starf Tónlistarfélagsins við Grunnskólan og síðan Lúðrasveitina við Tónlistarskólan. Er því komið svo að þeir sem upphaflega lyftu merkinu eru horfnir úr leik og er það gangur lífsins. Yngri kynslóðin hefir tekið við. Báðum félögum hefir verið það happ að eiga góða forstu og fórnúsa leiðbeinendur og á því hefir tilveran byggst. Breyttir tímar hafa krafist breytrra háttu. Og þótt sjálfboðaliðshugsjónin hafi dalað er hún guði sé lof enn við lýði og vonandi á hún eftir að haldast lengi og vaxa fremur en minnka.

Á þessum tímamótum þegar ég lít yfir farinn veg, dáiðist ég að öllum þeim sem lögðu sitt lið þessum málum og fórnuðu kröftum sínum og tíma fyrir ánægjuna og upplifgun bæjarins. Væri gaman að nefna nöfn, en þau eru svo mörg og erfitt að gera upp á milli. Fyrsta



Lúðrasveit Stykkishólms 1954 fyrir framan kaffistofu Kaupfélagsins.

Samb. ísl. lúðrasveita. Þar kynntumst við Karli O. Runólfssyni tónskáldi sem var okkur góður vinur.

Það sem var okkur þungt í skauti var hversu stutt margir félagar okkar stóðu við í félaginu og Víkingur varð að æfa nýja og nýja upp hvert haust. Menn fóru til náms og sumir fluttu búferlum.

Víkingur var þá kominn, eða þegar Lúðrasveitin átti 20 ára afmæli 1964 í annasamt starf og fyrirsjánlegt að sjálfboðaliðatíminn væri senn að syngja sitt síðasta. Þá var tekið til þess ráðs að stofna Tónlistarfélagið með stuðningi bæjarbúa, styrk frá ríki og bæ. Það tókst og nú var hægt að ráða Víking fyrir félagið á launum og bjargaði það öllu.

Eftir þetta er hægt að fara fljótt yfir sögu. Félöginn gengu sinn gang með breyttu fyrirkomulagi og þróun

stjórnin samanstóð af okkur Víkingi og Benedikt Lárusssyni. Þar voru framtíðarskrefin mótuð, en þau hefðu ekki dugað lengi ef við hefðum ekki átt góða og einlæga félaga og jafnan hefðu í hópinn komið áhugamenn og fórnúsa.

Lengst í stjórn L.S. hafa setið Árni Helgason, Benedikt Lárusson og Bjarni Lárusson. En stærstan hlut í starfi og viðgangi sveitarinnar á Víkingur og elja hans var mikil.

Félöginn eru nú í góðum höndum og það er bænum og íbúum hans mikils virði. Því fagna ég og bið svo starfi beirra blessunar um ókomin ár um leið og ég þakka 45 ára skemmtilega samfylgd.

## Afmæliskveðja frá Sambandi íslenskra Lúðrasveita

Starfsemi lúðrasveita á Íslandi er ekki gömul frekar en annar hljóðfæraleikur hér. Þó eru komin 113 ár frá því fyrsta íslenska hljómsveitin lék hér opinberlega, en það var lúðraflokkur Helga Helgasonar „Lúðurþeytarafelagið“. Næstu 30 árin voru lúðraflokkarnir sem dreifðust um allt landið einu hljómsveitirnar hér og því gaf starfsemi þeirra fólkis tækifæri á að stunda hljóðfæraleik án mikils tilkostnaðaðar eða efiðleika. Lúðrasveitirnar kveiktu því þann neista tónlistaráhuga sem átti eftir að berast sem eldur um landið.

Saga lúðrasveita í Stykkishólmi er orðin löng en þar var fyrst stofnuð lúðrasveit 1914. Sú sveit starfaði í nokkur ár en lagðist niður vegna erfiðleika eftirstríðsárranna. Önnur lúðrasveitin var svo stofnuð 1925 en hún starfaði í nokkur ár. Lúðrasveit Stykkishólms var svo stofnuð sumardaginn fyrsta 1944 og er því 45 ára og ein elsta starfandi sveit á Íslandi. Starfsemi sveitarinnar hefur alla tíð verið með miklu blóma en þar má nefna árvissa tónleika, utanlandsferðir, ferðir á landsmót og stór verkefni eins

og þegar sveitin hélt landsmót SÍL 1979, en þá munaði félaga sveitarinnar meðal annars ekkert um að smiða útihljómliekappall sem rúmaði tvær lúðrasveitir í einu. Tónlistarskólanum stofnaði lúðrasveitin í samvinnu við hreppinn og ríki 1964. Aðalhvataðurinn að stofnun skólans var Vikingur Jóhannsson stjórnandi sveitarinnar í áratugi en hann var skólastjóri skólans allt fram til 1977. Skólinn er enn þann dag í dag rekinn í samvinnu við sveitina og ganga krakkarnir til liðs við hana eftir veru í skólanum. Á þessari upptalningu má glöggjast sjá hvílik upplýsing Lúðrasveit Stykkishólms er fyrir bæjarlífð enda hafa bæjarbúar hlúð vel að sinni lúðrasveit.

Fyrir hönd Sambands íslenskra lúðrasveita óska ég félögum, stjórnanda sveitarinnar Daða Þór Einarssyni og öllum Stykkishólmsbúum til hamingju með þetta merkisafmæli Lúðrasveitar Stykkishólms og vona að hljómar sveitarinnar eigi eftir að óma um ókomin ár.

Borgar Jósteinsson  
formaður SÍL

## Afmæliskveðja

Í tilefni afmæla Lúðrasveitar Stykkishólms og Tónlistarskólans sendi ég hamingjuóskir og kveðjur.

Fyrst vil ég nefna Lúðrasveitina. Í Stykkishólmi eins og svo víða varð lúðrasveitin til að ryðja brautina fyrir tónlistariðkun sem svo leiddi af sért stofnun tónlistarskóla. Þeir Árni og Vikingur höfðu stigd fyrstu sporin austur á Eskifirði og fluttu þessa kunnáttu með sér á nýjar slóðir. Að því er ég kemst næst munu Eskfirðingar hafa fengið hljóðfæri m.a. frá heimabæ mínum, Neskaupstaði.

Vikingur reyndist dugmikill stjórnandi og náði að hrifa með sér dágóðan hóp sem setti fljótt svip á bæjarlífð. Allt samkomuhald tekur á sig annan blæ þegar hressir tónar lúðranna berast. Lúðrasveitin verður ómissandi þáttur við hin ýmsu tækifæri.

Eins og áður er getið varð starf lúðrasveitanna til að ryðja braut til frekari kennslu á hin ýmsu hljóðfæri. Tónlistarskólinn varð því eins og eðlilegt framhald á því sem á undan var gengið. Um nokkurt árabil hef ég átt þess kost að fylgjast með starfi afmælisbarnanna. Þar er unnið frábært starf og Stykkishólmi og þeim sem að standa til sóma. Framkoma hljóðfæraleikaranna ykkar hefur og verið til fyrirmynadar.

Ég vil að lokum þakka samstarfið við Skólahljómsveit Mosfellsbæjar.

sveit Mosfellsbæjar. Ferðirnar í Hólmum eru ævinlega tilhlökkunarefnir.

Við minnumst líka góðra stunda frá Norðurlandferðinni 1986.

Heill og hamingja fylgi ykkur á ókomnum árum.  
Birgir D. Sveinsson



Lúðrasveit Stykkishólms við kvöldverðarborð í heimsókn hjá Skólahljómsveit Mosfellsbæjar.

## Fyrsta fundargerð Tónlistarfélags Stykkishólms

Fimmtudaginn 9. apríl 1964 var boðað til fundar í Hljómskálanum til stofnunar tónlistarfélags í Stykkishólmi.

Árni Helgason póstmeistari setti fundinn og reifaði málið. Hann skipaði fundarritara Benedikt Lárusson. Sagði Árni að Lúðrasveitin hefði rætt mikið um að koma hér á stofn tónlistarskóla, hefði stjórn Lúðrasveitarinnar kynnt sér rekstur tónlistarskóla og tónlistarfélaga á öðrum stöðum, og væri fundarboðið í þeim tilgangi að stofna hér tónlistarfélag, sem hefði forgöngu um að reka tónlistarskóla.



Daði og Þórny Baldursdóttir leika á cornett.

Ræddi Árni um nauðsyn þessa málss og kvað þetta aðkallandi vegna Lúðrasveitarinnar sem þyrfti á nýjum kröftum að halda ef hún ætti ekki að leggjast niður.

Í sambandi við rekstur tónlistarskóla gat Árni þess að ½ hluti kostnaðarins væri greiddur af ríkinu, ½ hluti af bæjarfélagini og ½ hluti af tónlistarfélagini (nendum). Hann kvað kostnaðarlið þessa málss mikið auðveldari eftir að lög um styrk til tónlistarskóla hefðu verið samþykkt á Alþingi í fyrra, en þau gerðu ráð fyrir ½ hluta af kostnaði við tónlistarskóla í styrk.

Þá hefði sveitarfélagið átt að leggja ½ hluta og kvaðst Árni ekki trúa óðru en að við slíkt yrði staðið og þyrfti að hraða framkvæmdum þessa málss því ef koma ætti fjárveitingu inn á næstu fjárlög ríkisins yrði beiðni um það að hafa borist viðkomandi ráðuneyti fyrir 1. júní n.k. Þá yrði ½ hluti kostnaðar við skólann, sem tónlistarfélagið þyrfti að annast og væru til þess margar leiðir sem athugaðar hefðu verið en yrðu betur metnar og notaðar af væntanlegu tónlistarráði, ef sú yrði skipan sem fundarboðendur legðu til.

Þá gat málshefjandi þess að undirbúningsnesnd hefði fjallað um væntanleg lög félagsins og legði nú fram á fundi þessum uppkast þeirra og las hann það upp og skýrði.

Gaf hann því næst orðið frjálst og tóku til málss séra Sigurður Ó. Lárusson, sem var mjög hliðhollur

hugmyndinni um stofnun félagsins og kvaðst ljá því allt sitt lið. Fjallaði hann um að aukið sönglif í bænum væri mjög kærkomið og söngkraftar væru hér fyrir hendi og áhugi á tónmenntum.

Jóhann Rafnsson talaði næst og var ákveðinn stuðningsmaður félagsstofnunarinnar, og kvað þessu malið þyrfti mjög að hráða.

Jóhannes Kristjánsson tók í sama streng, en lagði til að boðaður yrði framhaldsstofnfundur og fleirum gefinn kostur á að taka þátt í félaginu.

Sigurður Helgason skólastjóri tók því næst til málss og kvað hann almennan fögnuð yfir því að þessi félagsstofnun komist á og þakkaði Lúðrasveit Stykkishólms fyrir að hafa beitt sér fyrir þessu málefni. Hann kvaðst myndu veita þessu málum allan stuðning sem hann mætti bæði sem skólastjóri og einstaklingur.

Þá var gengið til að ræða lög fyrir félagið. Bar Árni Helgason þau upp til samþykktar og voru þau samþykkt af fundarmönnum lið fyrir lið.

Þá voru kosnir 12 menn í tónlistarráð, og að tillögum undirbúningsnefndar og fundarmanna kom fundurinn sér saman um eftirfarandi menn í ráðið:

Vikingur Jóhannsson, Árni Helgason, Bjarni



Sigríður Kolbeins og Elín Elísabet Hallfreðsdóttir við píanóði.

Lárusson, Bjarni Lárentsínusson, Benedikt Lárusson, Gunnlaugur Lárusson, Jóhann Rafnsson, Ólafur Guðmundsson, Sigurður Helgason, Stefán Sigurkarlsson, Jóhanna Gunnarsdóttir, Freyja Finnsdóttir.

Síðan gat Árni þess að féluginu hefði borist gjöf, fimmþúsund krónur, frá Ólafi Guðmundssyni sveitarstjóra, og þakkaði hann þessa höfðinglegu gjöf.

Þá þakkaði Árni fundarmönnum komuna og áhugann, kvað það góðan fyrirboða hversu almennt hér væri að verki staðið. Að svo mæltu sagði bann fundinum slitið.

Mættir voru á fundinum tuttugu og átta. Stofnfélagar voru fimmtíu og þrír.

Benedikt Lárusson:

Víkingur Jóhannsson

## Með tónsprotann í 35 ár

Þegar rifjaðar eru upp minningar um Lúðrasveit Stykkishólms kemur fyrst upp í huga manns nafnið Víkingur Jóhannsson. Hann kemur hingað frá Eskifirði 1943. Fyrstu fréttir af Víkingi fékk ég hjá Árna Helgasyni sem hingað kom til starfa á sýsluskrifstofunni 1942. „Hann Víkingur”, sagði Árni, „þú ættir að heyra hann spila á harmoniku”. Og svo heyrði ég Víking spila því fyrir áeggjan Árna kom hann hingað og byrjaði að vinna á skrifstofu Sigurðar Ágústssonar.

Árni sagði satt. Víkingur var ekki einungis góður harmonikuleikari hann var líka orgelleikari og mjög góður leikari. Og fljótlega var hann kominn á fullt í skemmtanalifinu hér í Hólmum.

Þeir félagar, Árni og Víkingur, leigðu saman herbergi hjá Pettu og þar fæddust ýmsar hugmyndir. Ein var sú að stofna lúðrasveit. Báðir höfðu leikið í lúðrasveit á Eskifirði og fannst tilvalið að stofna sveit hér. Það var smalað saman áhugasönum strákum og farið með söfnunarlista um bænn. Fólk sýndi þessu mikinn áhuga og það safnaðist talsvert fē.

Víkingur var mikill áhugamaður og þegar búið var að ákveða eitthvað varð að ganga frá því strax. Enda leið ekki á löngu frá því að Borgarneslúðrarnir voru keyptir og nótturnar komnar frá Eskifirði að blásið var til æfinga. Þeir sem byrjuðu að æfa voru strákar á aldrinum frá þrettán ára til tvítugs. Einn fullorðinn félagi úr gömlu Lúðrasveit Stykkishólms byrjaði með okkur. Það var Þorleifur Jóhannsson skósmiður. Hann lék fyrst á kornet og síðan sló hann stóra trommu. Æfingastaðrnir voru kaffistofurnar í frystihúsi Sig. Ágústssonar og Kaupfélagsins.

Ég hef oft hugsað um það hvernig hann Víkingur, sem var að mestu sjálfrænnaður í hljóðfæraleik, gat kennt á öll þessi blásturshljóðfæri og líka á tréblásturshljóðfæri. En þetta virtist allt ganga upp. Hann var líka ófeiminn að leita sér aðstoðar, fór til Reykjavíkur og talaði við Karl O. Runólfsson og Albert Klahn og það leiddi til vináttu við þessa menn, sérstaklega Klahn sem kom oft og mörgum sinnum og æfði okkur.

Klan var sérstakur maður og vildi veg Lúðrasveitar Stykkishólms sem mestan. Pau hjónin gisti alltaf hjá Sigurborgu og Víkingi. Hann útsetti mikið fyrir Lúðrasveitina þegar hann kom til að æfa okkur en greiðslan sem hann fékk fyrir var bögglaðsmjör sem Víkingur útvegaði honum frá góðum sveitaheimilum. Klahn kom venjulega á vorin um hvítasunnuefingar því það ræðdu að heyra í lúðrasveit svo hún var fengin að leika við ýmis tækifæri bæði úti og inni. Við vorum að æfa Íslands Hrafnistumenn sem Klahn var nýbúinn að útsetja fyrir



Víkingur Jóhannsson stjórnandi og skólastjóri.

Lúðrasveitina. Bjarni Lárentsínusson blés á tenórhorn og átti eitthvað erfitt með nokkra takta í laginu. Klahn gengur þá aftur fyrir Bjarna og tekur upp vasahnif, opnar hann, leggur við eyrað á honum og segir: „Ég sker eyrun af ef ekki spila rétt!” Bjarni hlýtur að hafa komið með réttu taktana því hann er með bæði eyrun á réttum stað enn þann dag í dag.

Á tímum afmælinu 1954 var haldinn konsert fyrir fullu húsi. Félagar úr Lúðrasveit Reykjavíkur komu og spiluðu með okkur, Sveinn Ólafsson, Þorvaldur Steingrímsson og Þórhallur Stefánsson. Og svo kom Klahn og stjórnandi ásamt Víkingi. Þessi konsert tókst mjög vel, það var stemming í húsinu og fluttar voru þakkarræður til lúðrasveitarinnar og stjórnanda. Klahn hélt ræðu á sinni íslensku og sagði að Lúðrasveit Stykkishólms væri með bestu lúðrasveitum á Íslandi, en það verður að geta þess að þá var hann farinn að heyma illa.

Fyrsta opinbera spilamennskan hjá Lúðrasveitinni var 1. desember 1944 á kvenfélagskemmtun. Þetta tókst vonum framar og við lékum að ég held fjögur lög. Það þótti nýlunda að heyra í lúðrasveit svo hún var fengin að leika við ýmis tækifæri bæði úti og inni.

Vorið 1945 kom Sveinn Björnsson forseti í opinbera heimsókn í Snæfellsnessýslu. Sýslunefndin fékk

Lúðrasveitina til að spila á Vegamótum þar sem nefndin hélt forseta veislu. Það var þar sem 1. trompetisti spilaði *Ísland ögrum skorið* meðan Lúðrasveitin lék *Blessuð sértu sveitin mín*, en hann áttodi sig í miðju lagi svo að síðustu taktarnir hljómuðu vel.

Alltaf var verið að keppa að einhverju. Fyrir utan að spila á þessum hefðbundnu útisamkomum þá vorum við að fá lúðrasveitir í heimsókn eða að fara í ferðalög og á lúðrasveitamót. Þetta hélt okkur saman félagslega og líka í góðri æfingu. Ég man sérstaklega eftir komu Lúðrasveitar Reykjavíkur á hvítasunnu 1949 með varðskipinu *Ægi*. Þeir léku fyrir utan kirkjuna þegar fermingarbörnin komu út en um kvöldið var haldinn konsert í samkomuhúsinu fyrir fullu húsi. Klahn stjórnandi en með honum komu vinir hans Þórhallur Árnason sellóleikari, Otto Stöterau, þýskur píanóleikari, og svo Lanski Otto, hornleikari. Það var mjög fjölbreytt skemmtidagskrá því þeir léku þarna á píanó og horn, Stöterau og Lanski Otto. Mér er líka minnistætt hvað það var skemmtileg kvöldstund á heimili Víkings með þessum mönnum. Pau hjónin tóku

afskaplega vel á móti gestum og á þessum lúðrasveitaheimsóknum var oft mannmargt á Tangagötu 13.

Að æfa lúðrasveit er mikið verk en að kenna hverjum og einum á hljóðfærið það útheimtir mikla þolinmæði. Víkingur var ekki að telja eftir sér að æfa þessa drengi. Það voru ómældir tímarnir sem fóru í það og ekki urðu allir virkir blásarar sem æfðu en það varð að taka alla sem vildu reyna að spila svo að við hefðum fyrir afföllum því margir fóru suður í skóla eða fluttust úr bænum. Á heimili þeirra Sigurborgar og Víkings hljómuðu því alls konar tónar úr ýmsum hljóðfærum oft frá því að vinnu var lokið kl. sex og fram eftir kvöldi fyrstu árin. Ekki hefur það nú alltaf verið skemmtilegt fyrir heimilisfólk ið að hlusta á, en þá var nú ekkert sjónvarp.

Auk þess að æfa sveitina og kenna þá þurfti líka að útsetja lög og skrifa nótur. Organisti kirkjunnar og stjórnandi kirkjukórs varð Víkingur stuttu eftir að hann kom hingað og einnig var hann með danshljómsveit í símmátt ár. Hvernig er hægt að sinna



Lúðrasveit Stykkishólms 1950. Fremri röð frá vinstri: Áskell Gunnarsson, Helgi Jónasson, Benedikt Lárusson, Víkingur Jóhannsson stjórnandi, Gunnlaugur Lárusson, Gunnar Sigurðsson, Hannes Gunnarsson.

Aftari röð frá vinstri: Eggert Magnússon, Kristján Þorkelsson, Bjarni Lárentsínusson, Heiðar Marteinsson, Árni Helgason, Gunnlaugur Kristjánsson, Ágúst Bjartmars, Ásberg Lárentsínusson, Bjarni Lárusson, Jón Pétursson.

þessu öllu í frítínum? Það er ábyggilega mikið hægt að gera þegar vilji og áhugi er fyrir hendi og hvort tveggja hafði Víkingur í ríkum mæli. Hann skipulagði líka sinn frítíma ákaflega vel, þar voru aldrei dauðir punktar.

Fyrir utan organistastarfíði í Stykkishólmsskirkju var þetta allt unnið án endurgjalds. Það var ekki fyrr en eftir mörg ár að Lúðrasveitin gat farið að sýna honum einhvern lit með smáþóknun. Það var fyrir hans dugnað að hafist var handa um að safna fyrir og kaupa vandað pípuorgel frá Þýskalandi í Stykkishólmsskirkju og hann fór suður til Páls Kr. Pálssonar organista og lærði á fótspilið á skömmum tíma.

Á árunum eftir 1960 var sveitin í öldudal því margir hættu. Þá kom upp sú hugmynd að stofna tónlistarskóla og varð þetta að veruleika árið 1964. Tónlistarfélög var stofnað og Lúðrasveitin og Tónlistarfélagið ráku skólann fyrstu árin. Víkingur

sagði upp störfum á sýsluskrifstofunni og var ráðinn skólastjóri skólans þar sem hann kenndi á hlásturshljóðfæri og einnig á píanó og orgel.

Með tilkomu Tónlistarskólans var lúðrasveitinni bjargað. Þarna komu inn margir ungar blásarar, bæði telpur og drengir og hefur haldist síðan.

Víkingur hætti skólastjórastarfín vegna heilsubrests árið 1978 og við hans starfi tók norskur hljóðfæralekari, Arne Björhei, og var hann hér í þrjú ár og þá tók við Daði Þór Einarsson sem er núverandi stjórnandi Lúðrasveitarinnar og skólastjóri Tónlistarskólans.

Við höfum verið heppin með alla þessa menn í starfi en sá sem lagði grundvöllinn að Lúðrasveitinni var Vikingur Jóhannesson.

## „Fyrirmundarskóli”

### Jóhanna Guðmundsdóttir formaður skólanefndar Tónlistarskólans

Á þessu ári höldum við upp á 25 ára afmæli Tónlistarskólans okkar. Ekki þetti þetta hár aldur á skóla úti í hinum stóra heimi, en í okkar litla landi telst hann allnokkur.

Þegar aðrir tónlistarskólar landsins, í bæjum af svipaðri stærð og Stykkishólmur, voru að stíga sín fyrstu skref, var Tónlistarskólinn okkar búinn að festa rætur og var gjarnan vísað á hann sem fyrirmund.

Mín fyrstu skref sem tónlistarkennari steig ég í eins árs gömlum tónlistarskóla í Ólafsvík. Þá heyrdi ég strax um þá festu sem komin var á tónlistarmálum „inni í Hólmi”. Og einhverju sinni þegar ég sat á rökstólum hjá einum báum herra í Menntamálaráðuneytinu um það hvaða kennslugreinum ég ætti helst að sinna, þar sem ég var eini kennarinn í mínum skóla, var mér góðlega bent á Hólmarana: „Þú átt bara að gera eins og hann Víkingur gerir í Stykkishólmum. Hann kennir á píanó, orgel, öll hlásturshljóðfæri og stjórnar lúðrasveit, auk þess sem hann spilar á orgelið í kirkjunni og stjórnar kirkjukórum. Og þetta er hann búinn að gera í mörg ár”!

Þetta gat ég auðvitað ekki leikið eftir, en þarna var kominn lykillinn að „þessari festu í Stykkishólmum”. Lykillinn var Víkingur Jóhannesson, sem einn stýrði og kenndi við skólann fyrstu árin auk þess sem hann stofnaði Lúðrasveitina og stjórnældi henni frá upphafi, þar til hann létt af störfum við skólann. Á tímamótum sem þessum er vert að minnast brautryðjandans og verka hans. Ég tel víst að án starfsorku Víkingi væri staðan í tónlistarmálum hér í bæ mun bragðaufari en hún er nú.

Já, nú er ástaða til að gleðjast yfir öllu því starfi sem unnið hefur verið og unnið er enn í skólanum okkar. Nú er fjöldi nemenda að nálgast hundraði og kennarar eru fimm. Skólinn býr við góðan húsakost (sem reyndar er

að verða of lítill) og búnaður allur í stöðugri framför. Tónlistarlifið í Hólminum er í miklum blóma, sem fyrr, og tónlistaráhugi mikill.

Ég óska okkur öllum til hamingju með afmælið og vona að áfram megi starfa hér ferskur og fjörmikill tónlistarskóli, svo að enn verði sótt hingað fyrirmund!



Bjartmar, Böðvar og Benni.



### Ólafur Steinþórsson: Í góðum hópi

Það var meiriháttar upplifun fyrir ungan mann frá Flatey á Breiðafirði að flyttast til Stykkishólms haustið 1953. Hólmurinn var baðaður götuljósum og fyrrverandi eyjamenn stóðu og stördú á dýrðina með ofsbirtu í augum. Sjóppan hjá Birni gamla var mikilvægur miðpunktur kvöldlífssins. Þar sem ungar menn og konur hittust til að skipuleggja kvöldið. Eftir vinnudag stóðu ungar og gamli í skjóli við Sigurðarbúð og spáðu í afla og veður og biðið sýndi kvíkmyndir fjórum sinnum í viku og litmyndir á sunnudögum en á áttunda bekk sátu apótekarinn, sýslumaðurinn, bakarinn og símstjórin sáu hverja sýningu. Já, það

var mikill menningarbragur yfir Hólminum þá, ekki síður en nú. En miðpunktur allrar menningar á staðnum var í mínum augum Lúðrasveitin sem hélt konserta og setti svip sinn á bæinn á hátiðum og tyllidögum. Nokkrum mánuðum eftir að ég kom í Hólminn mun ég hafa látið þess getið við vini mína Baldur Ólafs og Jón Svan, sem báðir voru farnir að blása með lúðrasveitinni, að mig langaði til að fá tilsogn á eitthvert hlásturshljóðfæri og ef vel gengi kæmi þar kannske, að leið mín lægi í lúðrasveitina. Þeir félagar munu hafa sagt stjórnanda sveitarinnar frá áhuga mínum því að skömmu síðar greip Víkingur heitinn mig á fornun vegi og spurði hvort ég vildi reyna klarnettuleik. Ég kvað svo vera og samstundis hófst námið og stóð vetrarlangt. Og nú kom þar að ég skyldi mæta á mína fyrstu æfingu hjá lúðrasveitinni. Ég laeddist inn gólfíð með klarnettið undir hendinni og tylti mér niður þar sem Víkingur benti mér að setjast. En ég var varla sestur þegar lítill og þybbinn en snaggaralegur maður spratt upp af stól sínum, flaug á mig og rak mér mikinn rembingskoss, fyrst á hægri vanga auðvitað, en síðan á þann vinstri. Jafnframt bauð hann mig velkominn og lýsti yfir, að nú væri ég kominn í góðan hópi. Hér eftir skyldi ég leggja rákt við hljóðfærið, sagði maðurinn, en ekki vera að sjóppuslagsi og gæta mína á vini og kvenfólk sem nóg væri af í Hólminum. Þarna var kominn Árni Helgason, góður vinur og góður drengur, eins og allir aðrir félagnarir í sveitinni voru.

### Hinrik Finnsson:

## Lúðrasveitin: Mikið menningartæki

Lúðrasveit Stykkishólms er 45 ára um þessar mundir, hún var stofnuð 1. sumardag árið 1944. Aðalhvatumenn að stofnun hennar voru þeir Víkingur Jóhannesson og Árni Helgason sem báðir voru þá ný fluttir hingað frá Eskifirði. Það kom auðvitað í hlut Vikings að taka að sér stjórn sveitarinnar; og kenna okkur á hljóðfærin, því hann var frábær tónlistarmaður og spilaði á öll hljóðfærin sem tilheyrðu lúðrasveitinni, auk þess sem hann lék á harmóniku, píanó og orgel. Það var því mikill fengur að fá slíkan mann í byggðarlagið og njótum við árangurs af störfum hans á svíði tónlistar enn þann dag í dag. Æfingar hófust fljóttlega eftir stofnuninn og var aeft af miklum krafti, og tókst Víkingi á ótrúlega skömmum tíma að kenna okkur að spila og það leið ekki langur tími þar til við vorum farnir að láta heyra í okkur opinberlega. Ég var svo lánsamur að eiga kost á því að gerast félagi í lúðrasveitinni og á ég félagskírteini nr. 2 sem ég varðveiti mjög vel. Ég minnist þess þegar við byrjuðum að aðfa í kaffistofu Hraðfrystihúss Sigurðar Ágústssonar, en þar fengum við aðstöðu í fyrstu, og auðvitað án nokkurs

endurgjalds. Þá var nú aldeilis áhugi í mönnum og vel mætt á allar æfingar. Víkingur var óþreytandi við að kenna okkur auk þess sem hann skrifði nánast allt út fyrir sveitina og útsetti. Honum tókst að aðfa upp mjög góða lúðrasveit sem átti eftir að koma fram við bin ymsu tækifæri í framtíðinni bæjarbúum og mörgum öðrum til mikillar ánægju. Lúðrasveit Stykkishólms hefur frá stofnun hennar verið mikið menningartæki og stolt Stykkishólmssbúa hvar sem hún hefir komið fram. Í dag er Lúðrasveit Stykkishólms í miklum blóma undir stjórn Daða Þórss Einarssonar skólastjóra tónlistarskólans.

Ég vil þakka forsóninni fyrir það að bafa fengið tækifæri til þess að taka þátt í þessu starfi og á ég ótal margar endurminningar frá þeim tíma, sem ég starfaði í lúðrasveitinni. Ég tel það mikla hamingju fyrir ungt fólk að komast í kynni við svona starf og taka þátt í því og vil ég hvetja það til þess. Lúðrasveit Stykkishólms óska ég til hamingju á þessum merku tímamótum, og Stykkishólmssbúar og margir aðrir vonast eftir að fá að njóta hennar um ókomin ár.

Lifið heil.

Daði Þór Einarsson skólastjóri:

## Horfi björtum augum til framtíðarinnar

Það verður að kallast algjör tilviljun að ég leiddist inn á þá braut að leggja fyrir mig tónlistarnám eða hverjum það er að þakka öllu heldur. Ég man það eins og gerst hafi í gær þegar pabbi minn kom til míni þar sem ég var að leika mér úti og spurði mig hvort ég vildi ekki fara í lúðrasveit. Ég hafði ekki hugmynd um hvað lúðrasveit var en hafði nokkrum sinnum óskað eftir að fá að fara í sveit um sumur svo ég hélt að tækifærð væri þarna komið. Það var nú annað, ég átti að fara niður í barnaskóla (Varmáskóla í Mosfellsbæ) og hitta þar einhverja menn sem ætluðu að sýna mér hvað ég ætti að gera.

Þetta gekk allt mjög hratt fyrir sig fyrsta veturninn og ég man það að ég, ásamt félögum mínum sem hófu nám þetta sama haust, lékum í skrúðgöngu á 17. júní þarna um vorið, þó ekki marserandi heldur var okkur ekið á 16 metra löngum röravagni frá Reykjalandi sem dreginn var af dráttarvél. Ég beld að þetta hafi verið 1968. Fyrsti kennari minn var Björn Guðjónsson sem



Sóley, Sæunn og Guðrún.

hljóp í skarðið fyrir Birgi D. Sveinsson sem hafði árs leyfi þennan örlagaríka vetur.

Það verður að segjast alveg eins og er að Skólahljómsveit Mosfellsveitar, eins og hún het þá, gekk fyrir hjá mér í öllu hvað varðað annað nám í skólanum. Enda var alltaf eithvað að gerast hjá okkur. Ferðalögin hér innanlands eru manni ógleymanleg. Eitt vorið fórum við um Snæfellsnes, annað um Austfirði og Norðurland í sömu ferði. Einnig fórum við um Vestfirði auk fjölda ferða um Suðurland og nágrenni. Þegar ég hafði náð 13 ára aldri fór ég að spila með Lúðrasveitinni Svanur í Reykjavík, og var þá



var staða skólastjóra við Tónlistarskóla Stykkishólms auglýst til umsóknar. Ég sótti um stöðuna á þeim forsendum að ég ætti eitt ár eftir í Tónlistarskólanum í Reykjavík, og ég væri tilbúin að halda áfram að koma um helgar næsta vetur. Ég fékk stöðuna en á þeim forsendum að ég yrði næstu tvö ár eftir að ég útskrifaðist sem ég féllst á. Það má til gamans geta þess að það var ekki nema einn föstudag að kennsla felli niður vegna þess að ekki var flogið en ég fór alltaf á milli með flugvél.

Frá 1981 hefur Lúðrasveit Stykkishólms farið í allmög ferðalög eins og á Landsmót SÍSL. í Mosfellssveit 1981, Landsmót SÍL. í Hafnarfirði 1982, Landsmót SÍSL. í Vestmannaeyjum 1983. Farið var í ferðalag um Vestfirði 1984 og í vinabæjaheimsókn til Norðurlanda 1986 – Drammen í Noregi, Örebro í Svíþjóð og Kolding í Danmörku. Landsmót SÍSL. var á Akranesi 1987 og farið var á alþjóðlegt lúðrasveitamót í Rostock í A-Þýskalandi 1988.

Núna í vor á Lúðrasveit Stykkishólms 45 ára afmæli sem minnst verður með útgáfu þessa tímarits og tónleikum á afmælisdaginn 20. apríl (sumardaginn fyrsta). Einnig verða tvö landsmót nú í vor. SÍSL. móti á Seltjarnarnesi í apríl og SÍL. móti í Vestmannaeyjum í júní. Auk ofantalinna ferða böfum við farið oft til Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar en við höfum skipst á heimsóknum við þá í mörg ár.

Eins og flestum er nú kunnugt er Tónlistarskóli Stykkishólms 25 ára á þessu ári. Starfsemi skólans hefur farið fram í ýmsum húsum bæjarins þó svo að lengst af hafi kennsla farið fram í Hljómskálanum sem

Lúðrasveitin á. Má nefna að kennt hefur verið í Gamla samkomuhúsini, Norska húsinu og í Frúarhúsinu. Núna hefur Tónlistarskólinn aðstöðu í „Kálfínunum“ sem er staðsettur á lóð gamla barnaskólangs. Í „Kálfínunum“ eru þrjár kennslustofur og þar af ein stóra stofa sem notuð er undir samspil, einkatíma og tónmennt fyrir grunnskólanum. Þessi stofa hefur verið nýtt fyrir ýmsa aðráð starfsemi, eins og föndur fyrir eldra fólk. Kirkjukórinn hefur æft þarna, hjónaballsnefndir hafa notið aðstöðunnar, og margir aðrir klúbbar. Því er ekki að leyna að þegar grunnskólinn flytur alla sína starfsemi í nýja skólann, þá horfum við kennararnir við tónlistarskólanum björtum augum á þá aðstöðu sem þar er fyrir hendi.

Nú starfa fjórir kennarar við Tónlistarskóla Stykkishólms auch míni. Hafsteinn Sigurðsson, sem kennir á öll tréblásturshljóðfæri auch harmoniku, en eithvað er áhugi heimamanna að dofna fyrir nikkunni, því enginn nemandi hefur viljað leggja fyrir sig þetta skemmtilega hljóðfæri. Lárus Pétursson kennir á gítar. Áhugi unga fólkssins hefur stóraukist fyrir gitarnum eins og hljómborðinu sem þau kenna á Sigríður Kolbeins og Ronald W. Turner. Ég sé svo um málmlásturshljóðfærin. Núna stunda 86 nemendur nám við Tónlistarskóla Stykkishólms sem skiptast á ýmis hljóðfæri. Kenndar eru yfir eitt hundrað kennslustundir á viku.

Ég vil að lokum þakka bæjarstjórn Stykkishólms fyrir þann velvilja sem Tónlistarskóla Stykkishólms og Lúðrasveit Stykkishólms er sýndur.



Lúðrasveit Stykkishólms 1989.

# Kennaratal Tónlistarskóla Stykkishólms frá stofnun 1964 til 1989

## Víkingur Jóhannesson.

Starfsferill: Skólastjóri og kennari frá 1964-1977 og jafnframt stjórnandi Lúðrasveitar Stykkishólms. Kenndi á öll lúðrasveitarhljóðfæri auk þess sem hann kenndi á píanó og orgel.

## Pórður Á. Þórðarson.

Starfsferill: Kenndi á orgel skólaárið 1966-1967.

## Sr. Hjalti Guðmundsson.

Starfsferill: Kenndi á blokkflautu og orgel 1968-1970.

## Hafsteinn Sigurðsson.

Starfsferill: Kenndi á tréblásturshljóðfæri og blokkflautur frá 1976-1980. Tréblásturshljóðfæri, blokkflautur og harmoniku frá 1983.

## Arne Björhei.

Starfsferill: Skólastjóri og kennari, auk þess stjórnandi Lúðrasveitar Stykkishólms, frá 1977-1980. Kenndi á öll lúðrasveitarhljóðfæri og píanó.

## Sigríður Ingibjörg Bjarnadóttir Kolbeins.

Starfsferill: Hefur kennt á píanó og orgel síðan 1978.

## Sigurborg Sigurðardóttir.

Starfsferill: Kenndi á píanó skólaárið 1978-1979.

## Ólöf Björg Guðmundsdóttir.

Starfsferill: Nemandi við skólann 1977-1979. 1979-1981 kenndi hún á flautur við skólann. Hún var nemandi í Tónlistarskólanum í Reykjavík í 3 ár og kennir nú við Tónskóla Neskaupstaðar á blokkflautu, þverflautu og klarinett.

## Lárus Pétursson.

Starfsferill: Hefur kennt á gítar og blokkflautu og tónfræði við skólann frá 1981 að undanskildum einum vetrí sem hann kenndi við Tónlistarskóla Garðabæjar.

## Unnar Freyr Bjarnason.

Starfsferill: Fyrst nemandi við skólann, síðan Tónlistarskólan í Reykjavík. Kenndi skólaárið 1981-1982 á trumpet.

## Daði Þór Einarsson.

Starfsferill: Kennari við skólann frá áramótum 1981 til vors. Skólastjóri og kennari frá hausti 1981. Helstu kennlugreinar: Öll málmbásturshljóðfæri, tónfræði, blokkflauta og stjórnandi Lúðrasveitarinnar.

## John Lewis (frá Englandi).

Kenndi við skólann skólaárið 1981-1982 á píanó.

## Sigrún Sigurjónsdóttir.

Kenndi á píanó skólaárin: 1982-1984. Hafði áður verið pianóleikari við Tónlistarskóla Patreksfjarðar.

## Jóhanna Guðmundsdóttir.

Kenndi á píanó, orgel og í forskóla, skólaárin: 1983-1985. Jóhanna er tónmenntakennari að mennt.

## Erlendur Jónsson.

Kenndi á píanó skólaárið 1986-1987.

## Ronald Wilson Turner.

Hóf kennslu við skólann haustið 1988, og kennir á píanó og orgel og stjórnar bjöllukór.

## Kveðja frá Heiðari Marteinssyni

### Kærur félagar.

Þegar hringt var í mig og ég heðinn að skrifa nokkur orð um Lúðrasveit Stykkishólms, sem verður 45 ára á þessu ári, gat ég ekki skorast undan því.

Þennan tíma fyrir 45 árum tel ég vera ánaðgulegar minningar um áhuga og kraft þeirra sem stóðu fyrir þessu framtaki með stofnun Lúðrasveitar Stykkishólms. Ég held að flestir okkar sem byrjuðu hafi þurst að leggja á sig mikið erfisið við að læra nótur og voru þetta því þrotlausar æsingar. Þó held ég að enginn hafi séð eftir tímanum sem fór í þetta þegar árangur æfinganna kom í ljós og farið var að spila opinberlega við öll tækifæri sem buðust.

Ég er þakklátur fyrir að hafa fengið að vera þátttakandi í þessu ævintýri þó því miður hafi það aðeins verið í stuttan tíma vegna brottflutnings frá Hölmínunum.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem tóku þátt í þessu og óska Lúðrasveit Stykkishólms, spilurum og stjórnanda langra lífdaga.

Einnig óska ég Stykkishólmsbæ til hamingju með Lúðrasveitina.

Anna S. Baldursdóttir:

## Þeir ætluðu að kaupa sér Andrésblað

Ég byrjaði í Tónlistarskólanum sex ára og var þar samtals í tíu ár. Ellefu ára byrjaði ég svo í lúðrasveitinni og var í henni í fimm ár, eða þar til ég fór í framhaldsskóla. Sumir hafa spilað 200-300 landsleiki en ég hef mætt á u.p.b. 400 lúðrasveitaræfingar og álíka oft í tónó! Það er því margs að minnast. Ég gæti sjálfsagt haldið dágóða tölu um hvað mér er sértaklega minnisstæðast en ætla að láta nokra lúðrasveitarpunkta duga.

Í Mosó voru alltaf meiri háttar móttökur og munduðust sterkt tengsl milli sveitanna. Krakkarnir þar komu manni í tæri við skemmtistaðamenninguna í Reykjavík. Á puttanum var haldið á vit ævintýra náeturinnar og skreiðst heim í skóla aftur á óguðlegum tíma. Þar beið Daði. Ekki með keflið reitt heldur sofandi á ganginum. Svo uppgötvuðum við að engar svefnýnur voru estir handa okkur því að yngri krakkarnir sváfu á þeim svefn hinna réttlátu. En Mosfellingar kunnu ráð við því! Var nú haldið í

leiðangur inn til yngri krakkanna og dýnumunum stolið undan þeim svo varlega að prinsessan á bauninni hefði ekki rumskáð. Þá gat maður skriðið undir feld og sofið vært á sínu græna eyra á einhvers annars dýnu.

Síðasta ferðalagið sem ég fór í með lúðrasveitinni var til Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur sumarið 1986. Ég má til með að nefna, nú þegar björinn kætir landann, skemmtilega reglu sem björstofur í Svíþjóð hafa sett sér og ég sá á miða á útidyrahurð einnar slíkrar í Örebro: „Afengir drykkir eru aðeins afgreiddir þeim sem uppfylla eftirfarandi skilyrði: Karlmann skulu vera fullra 20 ára og kvenfólk skal hafa náð 18 ára aldri“.

Þrátt fyrir hvað við Íslendingar erum miklir heimsborgarar er æði stutt í sveitamanninn í okkur. Eitt slíkt tilfelli kom upp þegar við vorum nýkomin til Kolding í Danmörku. Við höfðum stoppað í verslunarkjarna í klukkustund og þegar hausatalning hafði farið fram að þeim tíma liðnum kom í ljós að einn vantaði. Upphófst nú ákóf leit að týnda sauðinum. Hann fannst þó um síðir, sem betur fer, og gaf þá skemmtilegu skýringu á fjarveru sinni að hann hefði rekist á Bravoblað (þýskt poppblað). Hann hefði auðvitað nauðsynlega þurft að „tékka á“ vinsældalistanum sem hann hefði ekki séð í heilar tvær vikur!

Það voru fleiri ágætir piltar sem gerðu rósir í þessari ferð. Það var eitt fallegt kvöld í Kolding að nokkrir ungir sveinar spásseruðu um bæinn. Nokkru síðar hitti ég þá þar sem þeir sátu tistandi undir tré. Þeir voru auðvitað intir eftir því hvað væri svona ákaflega skemmtilegt. Eitthvað stóð nú á svarinu þar til einn þeirra hikstaði því út úr sér að þeir hefðu ætlað að kaupa sér Andrésblað og ópalpakka í sjálfsala sem þeir fundu niðri í hæ. Þó vildu þeir hvorki sýna blaðið né gefa neitt af ópalinu! Enda kom það í ljós að blaðið var þeirrar tegundar sem Andrésar Andar útgáfan myndi aldrei skrifa sig fyrir og „ópalíð“ bætti hvorki né kætti, en er hins vegar að finna í öllum apótekum, og á klósettum skemmtistaða og stórmarkaða.

Að lokum vil ég óska Lúðrasveitinni og ekki síður Tónlistarskólanum til hamingju með afmælin og nota tækifærið til að þakka fyrir mig.



Leikið á íþróttavellinum 17. júní 1982.



Halldór Víkingsson:

## Að vera sonur stjórnandans....

Eitt af því minnisstæðasta frá veru minni í Lúðrasveit Stykkishólms var sumarið sem ég þurfti að læra á túbu til að ekki vantaði túbuleikara þá um haustið. Fram að því hafði ég leikið á althorn í sveitinni, en var líka að fást við að læra á klarínettu, sem ég var nokkuð spenntur fyrir. En sem sonur stjórnandans var engin spurning að ég yrði að bjarga málum; pabbi útskýrði fyrir mér þá um vorið hvernig málín stæðu og að sveitin gæti ekki tekið til starfa um haustið án bassaleikara. Ég var til í að reyna – og held að ég hafi aldrei velt því fyrir með hvort mig langaði eithvað til að læra á þetta hljóðfæri yfirleitt, þetta var björgunarstarf i kappihlaupi við tímamann! Ekki leit það vel út í byrjun: hljóðfærið var ævagamalt og slitið og allt loft hvarf úr lungunum í fáum tónum svo mig svimaði. Pabbi aðstoðaði mig á hverjum degi og lét mig að lokum fara í gegnum vætanleg verkefni sveitarinnar. Þetta tókst og um haustið hófst lúðrasveitaræfingar að nýju með mig á túbu. Ég þurfti því að blásá þeim mun sterkar og

notaði síðar sú safón til að tónninn bærst betur fram. Eftir að ég var farinn burt til náms hélt ég árum saman tengslum við lúðrasveitina og er mér minnisstæð skotferð í Hólminn frá Laugarvatni til að spila með sveitinni á 1. maí skemmtun í Samkomuhúsini 1975, því þá vantaði túbuleikara, og þótt sveitin ætti aðeins að spila á milli atriða fannst pabba ekki annað koma til greina en að hún kæmi fram fullskipuð. Flug frá Reykjavík fél niður vegna veðurs og rútan var farin, en spurst var fyrir um aðrar ferðir og loks tókst að koma mér vestur í taka tið fyrir hátiðahöldin.

Pátttaka í lúðrasveitum eða kórum er mjög hjálpleg þeim sem læra á einleikshljóðfæri. Ég fór snemma að líkja píanóinu við lúðrasveitina: þar var ég hluti af heildinni en píanóið er aftur á móti eins og heil hljómsveit. Eftir að hafa farið í framhaldsnám í píanoleik finnst mér því sem starfið með Lúðrasveit Stykkishólms hafi verið ómetanleg reynsla.



Lúðrasveit Stykkishólms á Landsmóti SÍL í Keflavík 1971.

Fremsta röð: Gunnar Ingvarsson, Marinó Kristinsson, Bjartmar Bjarnason, Lárus Svanlaugsson, Guðlaug Karlsdóttir, Böðvar Pálsson, Baldvin Kristjánsson.

2. röð: Halldór Víkingsson, Högni Jónsson, Gunnar Svanlaugsson, Víkingur Jóhannesson, Hinrik Axelsson, Hjalti Guðmundsson.

3. röð: Bjarni Lárentsínusson, Ólafur Geir Þorvarðarson, Hannes Gunnarsson, Benedikt Lárusson, Sigurður I. Geirsson.

4. röð: Kristján Ágústsson, Björgvin Þorvarðarson, Ólafur Kristjánsson, Gunnlaugur Lárusson.

Eins og algengt er í svona áhugamannastarfi þá gengur það nokkuð í bylgjum. Unnið er af krafti að æfingum fyrir tónleika, ferðalög eða útspil á hátiðisbögum, og síðan kemur spennufall á eftir. Það gat pabbi aldrei sætt sig við. Hann vildi byrja strax á nýjum verkefnum á meðan lúðrasveitin væri í góðu formi. Því tók hann það mjög nærrí sér ef illa var mætt að æfingar. Við Ingvar bróðir, en hann var líka í sveitinni, sögðum þá stundum að hann mætti ekki láta slíkt svekkja sig. Menn vildu fyrst og fremst koma saman öðru hverju til að hittast og spila saman sér til ánægju til að slappa af eftir vinnu frekar en að leggja á sig ómælt erfði við að ná einhverjum erfðum markmiðum; þetta væri nú ekki *Berliner Philharmoniker...* Pabbi brosti aðeins að svona athugasemdu. Hann sætti sig ekki við neina málamiðun, og jafnvel ekki við skiptingu í

atvinnumenn og áhugamenn. Sjálfur hafði hann kenni í sjálfboðavinnu fyrir lúðrasveitina, oft um 40 manns, löngu áður en Tónlistarskólinn var stofnaður og virtist hann gera sér mjög nákvæmar hugmyndir um hvaða árangri hver og einn gæti náð á sínu hljóðfæri – aðeins með nógu mikilli vinnu og úthaldi við æfingar. Hann dádist því meir að þeim nemendum sem þurftu að leggja mikid á sig til að ná árangri, ef þeir æfðu sig jafnt og hétt og af ögun, heldur en þeim sem sóttist námið létt með lítili vinnu, því það fannst honum vera mikil sóun á góðum hæfileikum. – Eftir vel heppnaða tónleika þakkaði hann lúðrasveitarfélögum fyrir árangurinn og menn léku á alls oddi en þegar heim var komið fór hann varlega í að hrósa tónleikunum, það hefði verið hægt að gera betur hér og þar ~ líklega var lúðrasveitin hljóðfærið hans.

## Stjórnir Tónlistarfélagsins og skólanefndir Tónlistarskólans

1982-1986 Bjarni Lárentsínusson, formaður.  
Benedikt Lárusson, ritari.  
Eyþór Lárentsínusson.

frá 1986 Jóhanna Guðmundsdóttir, formaður.  
Guðrún Kristinsdóttir, ritari.  
Gunnar Svanlaugsson.

Í stjórn Tónlistarfélags Stykkishólms sátu til 1978:

- |      |  |
|------|--|
| 1964 | Árni Helgason, formaður.<br>Jóhann Rafnsson, gjaldkeri.<br>Bjarni Lárusson, ritari.  |
| 1966 | Stefán Sigurkarlsson, formaður.<br>Árni Helgason, gjaldkeri.<br>Bjarni Lárusson, ritari.                                       |
| 1969 | Sr. Hjalti Guðmundsson, formaður.<br>Árni Helgason, gjaldkeri.<br>Bjarni Lárusson, ritari.<br>Jón R. Árnason, varaformaður.    |
| 1970 | Sr. Hjalti Guðmundsson, formaður.<br>Árni Helgason, gjaldkeri.<br>Bjarni Lárusson, ritari.<br>Benedikt Lárusson, varaformaður. |
| 1977 | Benedikt Lárusson, formaður.<br>Árni Helgason, gjaldkeri.<br>Bjarni Lárusson, ritari.  |

Skólanefndir frá 1978 hafa verið skipaðar eftirtoldum:

- |           |   |
|-----------|---|
| 1978-1982 | Bjarni Lárentsínusson, formaður.<br>Kristín Bjarnadóttir, ritari.<br>Benedikt Lárusson. |
|-----------|---|



Birkir Pálsson, gítarnemandi.

## Sæbjörn Jónsson: Hvað gerði Lúðrasveit Stykkishólms fyrir mig

Þegar vinur minn, og núverandi stjórnandi Lúðrasveitar Stykkishólms, Daði Þór Einarsson hringdi til mínum og bað mig um að skrifa greinarkorn í afmælisrit Lúðrasveitar Stykkishólms sagði ég honum að ég mundi hugsa um það.

Síðan hafa hugsanir mínar snúist um hvað Lúðrasveit Stykkishólms gerði fyrir mig. Þegar það er skoðað grannt kemur í ljós að stjórnendur L.S., sem með áhuga, festu og fórnfysi létu þann draum rætast að í Hólminum væri starfandi góð og dugmikil lúðrasveit sem héldi uppi menningu og tónlistarlífi á staðnum, gerðu það að verkum að mitt lífsstarf var mótað. Ég hlýt að tala af reynslu því í dag er ég starfandi sem atvinnumaður í tónlist. Trompetleikari í Sinfóniuhljómsveit Íslands, kenni við Tónmenntaskóla Reykjavíkur, stjórnandi Lúðrasveitarinnar Svanur um tíu ára skeið og hljómsveitarstjóri í Pjóðleikhúsínu á tveim söngleikjum. Ég þori að fullyrða að ekkert af þessu hefði ég getað gert nema af því að ég varð svo lánsamur að sá það tækifæri að gerast félagi í Lúðrasveit Stykkishólms.

Hvernig gerðist það? Jú, einn haustdag er ég var á gangi á planinu mætti ég glaðlegum og elskulegum manni sem stöðvaði mig og sagði: „Heyrðu, varst það ekki þú sem ætlaðir að koma til mínum og læra á trompet”? Ég horfði upp og sá brosandi andlit sem horfði á mig en ákveðnin í augunum leyndi sér ekki. Ég svaraði um leið: „Heldur þú að ég geti það”? En brosið breikkaði á andlitinu hjá þessum glaðlega manni og hann sagði: „Já, ég er viss um það”. Þannig byrjaði þetta allt saman. Þarna á planinu urðu míni fyrstu kynni af kennara mínum og leiðbeinanda í mörg ár, Víkingi Jóhannssyni. Ég veit að ef hans hefði ekki notið við hefði L.S. aldrei orðið til og mitt lífsstarf orðið með öðrum hætti. Þegar þetta atvik gerðist hef ég verið um tólf ára gamall og var í tímum hjá honum í two vetur. Þá sagði hann einu sinni í tíma: „Nú kemur þú á æfingu hjá Lúðrasveitinni”. Þá var æft í íþróttahúsínu og ég man það alltaf hvað mér þótti stór stund að fá að spila með mönnum eins og Benna 1. trumpet, Gulla, Gunna Sig. og Helga, sem allir voru á trumpet. Hannesi og Kela á klarinet, Beija og Stjána a sax., Hinna Finns á básunu, Skúla á horn og Árna Helga. Bjarni á bassa og Eggert á trommur, Gústa Bjart á tenorhorn, og fyrir utan að stjórna, spilaði Víkingur á takkabásunu á þessum tíma. Annars léku öll hljóðfæri í höndunum á honum.

Fyrsta ferðalagið sem ég man eftir var ferð til Hafnarfjarðar, sennilega 1953-4 og leikið þar og eins á Austurvelli fyrir framan alþingishúsið í Reykjavík. Síðan landsmótið hjá S.I.L. 1955 í Reykjavík. Þá var Jón Svanur yngsti þáttakandinn á mótinu og vakti athygli fyrir knálegan trumpetleik. Síðan landsmótið á



Sæbjörn Jónsson, trumpetleikari.

Akureyri 1957. Ferð um Vestfirði og svo mætti lengi telja.

Í hverju samsfélagi, sérstaklega á stærð við Stykkishólms, er það ómetanlegt að hafa starfsemi eins og lúðrasveit getur boðið upp á fyrir æskufólk því það styður við alla tónlistarrækt sem ungt fólk þarf að halda. Þannig varð til dæmis dansleikjahljómsveit til beinlínis fyrir tilstuðlan lúðrasveitar. Allir vorum við félagar í L.S. sem stofnuðum *Egon kvintett*. Það vorum við Bjarni á tenor-sax, Gulli á gitar, Hinni á píanó, Birgir á vibráfón og ég sem gerðist trommari á þessum tíma. Það voru skemmtilegar stundir sem við áttum saman félagarnir í Egon, sérstaklega þær skemmtanir sem L.S. stóð fyrir á gamlárvkvöld í nokkur ár. Þær hófust með konsert hjá Lúðrasveitinni síðan voru alls konar skemmtiatriði, flugeldasýning á miðnætti og dans fram á nött þar sem við í Egon gerðum okkar besta til þess að skemmta fólinu. Í nokkur ár héldum við félagarnir saman, bæði í L.S. og í Egon. En um síðir skilja leiðir. Ég fór með þá reynslu sem ég fékk hjá L.S. til Reykjavíkur, aflaði mér meiri menntunar og starfa nú við það sem framar greinir. Þess vegna segi ég það að ég gleymi því aldrei hvað Víkingur og félagarnir í L.S. gerðu fyrir mig.

Ég vil að lokum óska Stykkishólmsbæ til hamingju með að hafa átt, og eiga enn, dugmikla menn og æskufólk sem heldur merki L.S. hátt á loft og hopar hvergi því starfsemi í L.S. verður að halda áfram um ókomna framtíð.

Lúðrasveit Stykkishólms, til hamingju með 45 ára afmælið

## Nemendur hafa orðið

Eins og fram kemur annars staðar í blaðinu eru nemendur Tónlistarskólangs tæplega nútíu talsins. Okkur fannst þess vegna ekki úr veki að frá nokkra þeirra til að kynna nám sitt og heyra viðhorf þeirra til skólangs og tónlistarnáms yfirleitt. Ætlunin var að fá fleiri fyrverandi nemendur en af ýmsum ástæðum varð ekki af því. Þeir sem skrifa voru valdir sem fulltrúar sinna hljóðfæra.



Jón Þór Sturluson  
F. 26.11.1970

Ég man það eins og það hafi gert í gær þegar ég byrjaði að læra á trumpet hjá Daða. Ég fluttist til Stykkishólms haustið 1980 og byrjaði í tónlistarskólanum um áramótin. Mér er minnisstæður fyrsti tíminn þegar Daði reyndi ákaft að fá mig til að læra á básunu frekar en trumpet vegna þess hve varirnar á mér voru þykkar. Þetta fannst móður minni lítil speki og vitnaði í Louis Armstrong.

Ég var til að byrja með alltaf „litli strákurinn”. Fyrst þegar ég kom í skólalúðrasveitina og svo í „stóru” sveitina með öllum köllunum. Ég man alltaf eftir mynd af sjálfum mér frá Lúðrasveitamóti SÍL í Hafnarfirði Myndin birtist í Tímanum og á henni held ég varla uppi húfunni.

Ég lærði á trumpet í fjögur ár og alltaf hjá Daða. Daði var og er alltaf vinur manns og átti það til að láta eins og smástrákur sjálfur sem gerði manni námið auðveldara.

Það má lengi velta fyrir sér hvaða gagn er hægt að hafa af tónlistarnáminu og af því að vera í lúðrasveit. Ég held að allir krakkar hafi gott af því að vinna að einhverju og þá sérstaklega í hóp. Að geta unnið saman er nokkuð sem íslenskum börnum er ekki kennt annars staðar á jafn sterkan hátt og í lúðrasveit. Þar er einnig félagsskapurinn. Þegar ég var í lúðrasveitinni var mjög góður andi þar (og er vonandi enn) sem gerði sveitina mun sterkari og fyrst og fremst skemmtilegri.

Ég er einn af þeim sem hef alltaf þurft að taka þátt í öllu og hef stundum velt fyrir mér hvernig mér hafi tekist að komast yfir þetta allt. Að vera í skóla,

lúðrasveit, popphljómsveit, í félagslifi og íþróttum er ekki hægt til lengdar. Í dag hef ég gefið upp á bátinn íþróttirnar og lúðrasveitina (þó ég taki af og til í trumpetinn) en samt hef ég feykinog að gera.

Mig langar í lokin að þakka afmælisbörnunum, Tónlistarskólanum og lúðrasveitinni, fyrir margar mínar bestu stundir og segi í fullri einlægni: Mér mun ávallt finnast ég vera hluti af Lúðrasveit Stykkishólms.



Halla Dís Hallfreðsdóttir  
F. 07.01.1973

Ég byrjaði í Tónlistarskólanum þegar ég var sjö ára og þá á píanó. Kennarinn minn var Sigríður Kolbeins. Ég var hálftrár ár í píanónáminu en fór eftir jólín að læra á blokkflautu. Ég held að það hafi aðallega verið vegna þess að það var ekkert píanó til heima hjá mér og þess vegna þurfti ég að fara til frænku minnar að æfa mig. Blokkflautan þótti sem sagt hæfilegt hljóðfæri til að byrja með. Ég lærði í eitt og hálftrár á flautuna og þegar ég ætlaði að skrá mig aftur þá spurði Daði mig hvort mig langaði ekki til að læra á trumpet. Ég þorði náttúrlega ekki annað en að segja já þó svo að ég vissi varla hvað trumpet væri.

Fyrst var ég agalega dugleg að æfa mig. Æfði kortér á dag, fólkini heima til nokkurrar skapraunar en seinna fór ég að æfa mig sjaldnar en lengur í einu. Þegar ég varð tíu ára byrjaði ég í lúðrasveitinni og hef verið í henni síðan. Það hefur verið mjög gaman og með henni hef ég farið í mörg ferðalög bæði innanlands og utan.

Ellefur ára byrjaði ég aftur að læra á píanó í hjá Sigríði og var þá í svokölluðu hálfu námi eða einu sinni í viku á píanó og einu sinni í viku á trumpet.

Ég hef áhuga á hestamennsku og íþróttum svo það hefur stundum verið fremur erfitt að finna tíma fyrir áhugamál, tónlistarskólan, lúðrasveit og skólan en það hefur þó gengið sæmilega.

Núna er ég bara í píanótínum tvisvar í viku og gengur vel. Kennari minn í vetur er Ronald Turner og ég ætla að reyna við þriðja stig í vor.

Ég sé alls ekki eftir að hafa farið í „tónó” því að þó að

ég sé ekki neinn snillingur á hljóðfærið þá get ég að minnsta kosti glamrað fyrir sjálfa mig og þá sem nenna að hlusta.



Grétar Elías Finnsson  
F. 24.10.1973

Ég byrjaði í „tónó“ sjö ára gamall af því að mig langaði til að læra á trommur, en mér var sagt að ég þyrfti að byrja að læra á blokkflautu. Með mér byrjaði stór hópur og okkur var öllum kennt saman úti í Hljómskála. Margir af þessum krökkum eru nú í Lúðrasveit Stykkishólms. Nú ára gamall fór ég svo að læra á trommur og það sama ár byrjaði ég í Lúðrasveitinni. Sama ár (1983) fór ég í mitt fyrsta lúðrasveitarferðalag á landsmót lúðrasveita í Vestmannaeyjum. Nú er ég að læra á horn og er Daði Pór kennari minn og hefur hann kennt mér á öll þrjú hljóðfærin.

Mér hefur þótt mjög gaman að læra á þessi hljóðfæri og hefur það gengið ágætlega en stundum hefur þetta þó verið erfitt en samt skemmtilegt. Þegar lúðrasveitin hefur haldið tónleika eða farið í ferðalög hefur maður þurft að eyða miklum tíma í æfingar og undirbúning. Stundum getur verið erfitt að finna tíma fyrir önnur áhugamál en samt hefur þetta alltaf gengið upp.

Ég tel að tónlistarnám og ekki síst lúðrasveitarstarf hafi góð og þroskandi áhrif á krakka.



Njáll Þórðarson  
F. 07.01.1974

Mitt tónlistarnám hófst þannig að ég byrjaði að læra á blokkflautu sjö ára gamall, það var árið 1981.

Kennarinn minn var Daði Pór Einarsson, skólastjóri, en þá var kennt í Hljómskálanum. Ég lærdi á blokkflautu í einn veturnar en tók mér svo frí og byrjaði að læra á píanó haustið 1983 þegar ég var níu ára. Ég lærdi á píanó til ársins 1984 hjá Sigrúnú Sigurjónsdóttur og þá fór kennslan fram í Frúarhúsinu.

Arið 1987 vantaði túbuleikara í lúðrasveitina okkar. Þá bað Daði mig um að læra á túbu í Tónlistarskólanum og ég gerði það og komst þar með í lúðrasveitina og hef verið það síðan.

Mjög erfitt og krefjandi er að starfa í lúðrasveit. Þegar ég segi krefjandi þá á ég við það hve mikill tími fer í æfingar og spil fyrir t.d. hátíðsdaga og að spila úti í köldu veðri sem getur verið mjög erfitt.

Eitt af því sem mér fyndist að mætti breyta er að lúðrasveitinni mætti skipta vegna þess að meðalaldurinn er mjög lágr og það gerir æfingarnar erfiðari. Annað sem mætti færa til betri vegar er stundvísí allra sem í lúðrasveitinni eru því það er mjög mikilvægt að dýrmætum tíma sé ekki eytt í bið.

Allt tónlistarnám er mjög þroskandi og skemmtilegur félagsskapur og ég vil hvetja alla sem einhvern áhuga hafa á tónlist að hefja tónlistarnám.

Ég vil að lokum óska afmælisbörnunum til hamingju og bjartrar framtíðar.



Benedikt Eyþórsson  
F. 17.03.1976

Ég byrjaði að læra á gítar haustið 1986 þegar ég var tíu ára en þá hafði ég lært á blokkflautu í tvö ár. Ég fór í Tónlistarskólann af því að mig langaði að læra á hljóðfæri. Það var bekkjarfélagi minn sem ætlaði að læra á gítar og þá fór ég líka. Kennari minn er Lárus Pétursson og hann befur kennt mér allan tímann.

Mér hefur gengið ágætlega í náminu og hef mest gaman af því þegar ég fæ að spila skemmtileg lög en erfiðast er þegar ég fæ lög sem eru spiluð mjög hratt allan tímann. Mér hefur tekist mjög vel að samræma tónlistarnámið öðru námi og áhugamálum sem eru aðallega íþróttir.

Við sem erum í gítarnáminu fáum ekki eins mikinn félagsskap og þeir sem eru í lúðrasveitinni og þess vegna höfum við hist með Lalla og spilað saman og fyrir hvert annað og það eru mjög skemmtilegir tímar. Það væri gaman ef það væri stofnuð einhvers konar hljómsveit eins og í fyrra fyrir gítarnemendur og þá sem eru ekki í lúðrasveitinni.

Ég held að allir geti haft gagn af því að læra á hljóðfæri þó þeir stefni ekki að því að verða tónlistarsnillingar. Að minnsta kosti er gaman að geta spilað lag fyrir sjálfan sig og aðra.



Björg Ólöf Sigurhórsdóttir  
F. 29.09.1972

Ég byrjaði nám við Tónlistarskóla Stykkishólms sex ára, með hvatningu frá mömmu, og lærdi á blokkflautu. Um árin hefur verið kennt á hinum ýmsu stöðum. Fyrstu tvö árin var kennari minn Hafsteinn Sigurðsson og var þá kennt í Norska húsinu en þriðja árið var kennari minn Ólöf Björg Guðmundsdóttir og vorum við þá í Biðhúsinu.

Þegar ég var níu ára ákvað ég að læra á klarinet og byrjaði undir leiðsögn Daða Þórs í Hljómskálanum. Ári síðar kom Hafsteinn heim frá Noregi og var ég hjá honum í fimm ár. Fyrstu tvö árin í Frúarhúsinu og síðan þar sem Tónlistarskóli Stykkishólms er nú til húsa.

Mér finnst gaman að spila á klarinet, annars væri ég löngu hætt, og þeir krakkar sem maður hefur kynnst í gegnum lúðrasveitina eru mjög skemmtilegir. Í tímum fannst mér skemmtilegast í samspili og að spila gömul lög og svo popplög. Það gekk oft erfiðlega að samræma tónlistarnámið og önnur áhugamál en alltaf tókst það samt einhvern veginn.

Ég tel að tónlistarnám og lúðrasveitarstarf sé mjög þroskandi fyrir krakka því það krefst sjálfsga og samvinnu. Svo er þetta lika svo skemmtilegt.



Ragnheiður Esther V. Briem  
F. 10.02.1974

Ég byrjaði í tónlistarnámi sjö eða átta ára gömul. Ég

fór í „tónó“ af því að ég hafði mikinn áhuga á tónlist og var farin að spila lög eftir eyranu en langaði til að læra að spila eftir nótum. Ég byrjaði að læra á píanó og læri enn á það. Ég valdi píanóð aðallega vegna þess að heima hjá mér er píanó og ég var vön því. Kennari minn er frú Sigríður Kolbeins.

Mér líkar mjög vel í Tónlistarskólanum og finnst gaman að spila flesta fallega tónlist nema kannski sum nútímatónverk. Oftast finnst mér mjög erfitt að koma fram á tónleikum og stundum hef ég hreint og beint neitað.

Ég held ekki að ég vildi breyta miklu í Tónlistarskólanum þó ég fengi að ráða. Það væri þá helst að gera eitthvað meira fyrir þá sem eru ekki í lúðrasveitinni, t.d. ferðalög og þess háttar.

Mér hefur gengið ágætlega að samræma tónlistarnámið öðrum áhugamálum og skólanum því oftast hef ég nægan tíma fyrir allt. Ég held að tónlistarnám hafi mikil að segja fyrir þá sem hafa áhuga á tónlist. Mér finnst það hafa mikla þýðingu fyrir mig því ég hugsa að ég muni halda áfram að læra á píanó og kannski eitthvert annað hljóðfæri. Ég held að alla mína aví eigi ég eftir að spila á hljóðfæri þar sem ég kemst í það, annaðhvort fyrir sjálfa mig eða aðra. Ég tel að tónlistin skilji eftir ekkert nema gott. Ég tel einnig að tónlistarnám sé ekki sóun á tíma og peningum heldur góð fjárfesting fyrir þá sem vilja læra.



Kristinn Þór Ellertsson  
F. 24.04.1972

Sjö ára gamall byrjaði ég að læra á blokkflautu hjá Daði þór. Að loknu tveggja ára námi á flautu stakk Daði upp á því að ég byrjaði að læra á básúnu og gerði ég það þótt ég væri lítið stærri en hún. Í fyrstu náði ég ekki niður á sjöndu legu en það kom svo með tímanum. Daði Þór hefur öll árin verið kennari minn á básúnu og hefur mér líkað mjög vel við kennsluna og sama er að segja um píanókennara mína, Sigríði Kolbeins og Ron Turner. Ég hef farið í nokkra bassatíma hjá Lárusi Péturssyni gítarleikara og leikið með bonum í jazzbandi. Innan Tónlistarskólans hefur verið starfandi brassband og sextett sem mér hefur fundist gaman að leika með. En samt hefur verið skemmtilegast að spila með lúðrasveitinni einkum á velheppnuðum tónleikum og í ferðalögum sveitarinnar. Lúðrasveitin hefur síðstu árin farið vitt og breitt um landið einnig hefur hún lagt land undir fót þá er hún

fór til Norðurlanda og nú í fyrrasumar til Rostock. Æfingar eru stundum tímafrekar en leiðinlegast finnst mér þegar maður getur ekki tekið þátt í hátiðahöldum vegna þess að lúðrasveitin er að spila einhversstaðar til hliðar við það sem er að gerast. En ég hugsa að Hólmurum brygði ef ekkert heyrðist í sveitinni á tyllidögum. Tónlistarnámið og reynslan úr lúðrasveitinni hefur hjálpað mér mikil í hljómsveitarbransanum. Og þar getur maður eignast góða vini að ógleymdum vinkonum. Af öllu þessu má sjá að ég er bæði ánaegður og þakklátur að hafa byrjað í „tónó“.



Ása Guðný Ásgeirsóttir  
F. 09.07.1977

Ég hef verið í Tónlistarskólanum í fimm ár. Ég byrjaði á blokkflautu árið 1983 og var þá sjö ára. Kennarar mínir voru Hafsteinn Sigurðsson og Jóhanna Guðmundsdóttir. Ég byrjaði á þverflautu tveimur árum síðar og Hafsteinn hefur kennt mér allan tímann. Ég ætlaði að læra á fiðlu en það er ekki kennt á hana hérlíð svo ég valdi flautuna sem mér hefur þótt að spila á fártíðum undir hlíðinni á gamla þinghúsinu sem nú er löngu búið að rífa. Ekki voru lögum mörg en ég man að allir voru feginir þegar búið var að spila og kannski svoltið montnir.

Einn er sá maður sem ég gleymi ekki er lagði lúðrasveitinni mikil lið, en ég átti eftir að vera undir hans stjórn seinna og þar til hann fell frá, en það var Albert Klahn. Klahn, eins og hann var alltaf kallaður, kom margar ferðir vestur og þá um hvítasunnu. Var þá æftir alla hátiðina þar til hann fór aftur suður með rútunni. Mörg voru lögum sem Klahn kom með eða sendi sveitinni sem hann skrifaði út fyrir okkur, ásamt öðru sem bann lagði sveitinni til.

Þegar ég skrifa þessar línum hérlíðið í Austuríki, landi sem hámenning lúðrasveitatonlistarinna hefur hljómað í ómunatíð, þá kemur mér í hug það lán sem mér hefur hlotnast að hafa fengið að vera með allt frá því ég var 17 ára gamall og til þessa dags, eða næstum 45 ár. Ég beld ég gleymi aldrei fyrstu æfingunum upp í kaffistofu í Frystihúsi Sig. Ágústssonar og tilhlökuninni til næstu æfingar.

Ég vil óska minni gömlu lúðrasveit innilega til hamingju með 45 árin sem liðin eru og bestu óskir með framtíðina.

Skúli Bjarnason með félagskírteini nr. 7



## Kveðja frá Skúla Bjarnasyni

Þegar Lúðrasveit Stykkishólms var stofnuð hafði tónlistarlífi verið fábrotið, sem eðilegt var í fámennu þorpi eins og Stykkishólmur var fyrir 45 árum.

Þá fluttust tveir Eskfirðingar í bæinn þeir Árni Helgason og Vikingur Jóhannesson, og tel ég að fyrir áhuga þeirra hafi sveitin orðið til. Vikingur stjórnaði og kenndi okkur strákunum sem lítið eða ekkert kunnum og höfðum aldrei séð nótur. Vikingur var mjög fjölhæfur maður, ásamt að kenna og stjórna, þá lék hann á mörg hljóðfæri, var góður félagi og skilningsríkur við okkur strákana.

Það var ekki liðinn langur tími frá stofnun sveitarinnar þar til að fyrsta spilamennskan var ákvæðin en hún var á skemmtun suður á Fáskrúðarbakka í Miklaholtshreppi. Hvað var þar um að vera man ég ekki, en ég man að við stóðum undir hlíðinni á gamla þinghúsinu sem nú er löngu búið að rífa. Ekki voru lögum mörg en ég man að allir voru feginir þegar búið var að spila og kannski svoltið montnir.

Einn er sá maður sem ég gleymi ekki er lagði lúðrasveitinni mikil lið, en ég átti eftir að vera undir hans stjórn seinna og þar til hann fell frá, en það var Albert Klahn. Klahn, eins og hann var alltaf kallaður, kom margar ferðir vestur og þá um hvítasunnu. Var þá æftir alla hátiðina þar til hann fór aftur suður með rútunni. Mörg voru lögum sem Klahn kom með eða sendi sveitinni sem hann skrifaði út fyrir okkur, ásamt öðru sem bann lagði sveitinni til.

Þegar ég skrifa þessar línum hérlíðið í Austuríki, landi sem hámenning lúðrasveitatonlistarinna hefur hljómað í ómunatíð, þá kemur mér í hug það lán sem mér hefur hlotnast að hafa fengið að vera með allt frá því ég var 17 ára gamall og til þessa dags, eða næstum 45 ár. Ég beld ég gleymi aldrei fyrstu æfingunum upp í kaffistofu í Frystihúsi Sig. Ágústssonar og tilhlökuninni til næstu æfingar.

Ég vil óska minni gömlu lúðrasveit innilega til hamingju með 45 árin sem liðin eru og bestu óskir með framtíðina.

Skúli Bjarnason með félagskírteini nr. 7

# „Eitt brennandi áhugamál: Harmonikan“

Viðtal við Hafstein Sigurðsson

Hafsteinn Sigurðsson er einn þeirra manna sem koma mjög við sögu þaði Lúðrasveitar Stykkishólms og Tónlistarskólans. Hann hefur kennt við Tónlistarskólan einna lengst þeirra sem nú starfa þar og verið áberandi í tónlistarlífi Stykkishólms um þrjátíu ára skeið þótt hann sé yngri en Lúðrasveitin! Margir muna vel eftir Hadda í hljómsveitum enda spilaði hann á hin og þessi hljóðfæri í danshljómsveitum í nærrí tuttugu ár samfleyytt. Hann var byrjaður á undan John Lennon og var enn að þegar pónkið var að byrja. Haddi er búinn að fá sig fullsaddan á poppinu en spilar oft dinner-músik á Hótel Stykkishólmi og hefur helgað harmonikunni krafta sína.

Það lá beinast við að spyrja hann hver hafi verið hans fyrstu kynni af hljóðfærum.

Já, ætli ég hafi ekki byrjað að spila á hárgreiðu. Það var nú ekki hljóðfæri á mínu heimili og þó að pabbi hafi spilað á munhnörpu hér áður fyrir þá hafði hann einhverra hluta vegna lagt það að mestu á hilluna þegar ég man fyrst eftir mér. Ég hef líklega verið 11-12 ára þegar ég fór fyrst að reyna að spila á munhnörpu en um feringaráldur eignast ég þínulitla harmoniku. Eitt af fyrstu lögunum sem ég reyni að spila var *Aldrei á sunnudögum* og það hefur alltaf verið í uppáhaldi hjá mér síðan og er enn á efnisskránni. Annars hafði ég alveg frá því ég man eftir mér haft afskaplega gaman af harmonikuleik og var límdur við útvarpið þegar heyrðist í harmoniku. Nú, og svo kynntist maður dægurlögunum með tímanum. Fjórtílega var ég farinn að geta spilað eftir eyranu flest lög sem ég kuni og líka mörg gömludansalög, eða að minnsta kosti kafla úr þeim. Stundum þegar ég kuni ekki nema hluta úr einhverju lagi þá létt ég pabba og mömmu syngja þau fyrir mig, þau kenndu mér geysilega mörg lög á þennan hátt. Ekki má heldur gleyma öllum þeim lögum sem maður lærði í söngtínum hjá Camillu heitinni. Það var bæði morgunsöngur í skólanum og söngkennsla í öllum bekkjum. Hún létt okkur syngja upp úr Skólaljóðunum og öll þessi gömlu lög og ég held að ég búi að þessu enn í dag þegar ég er að spila á þorrablótum og alls konar skemmtunum þar sem þessi lög eru sungin.

- Varstu þyrjaður að spila í hljómsveit á þessum tíma?

Ári eftir að ég kláraði miðskólan (1961) þá stofnuðum við hljómsveit. Það var Lárus Pétursson á trommur, Þorsteinn heitinn Björgvinsson á gítar, Stefán Björgvinsson á harmoniku, Ólafur Geir Þorvarðarson á klarinet og ég var á kontrabassa. Steiní átti gamlan gítarmagnara sem sprakk svo í loft upp á fyrsta eða öðru balllinu sem við spiluðum á, þannig að það varð ekki mikil úr spilamennsku eftir þetta. En við æfðum nokkur lög og þar á meðal Þórsmerkurljóð og vorum alltaf kallaðir Mariuhljómsveitin þótt við hétum því virðulega nafni *Quickly kvíntett*.

- Þetta urðu þó ekki síðustu afskiptin af hljómsveitum.

Nei, nokku síðar þá stofnuðum við Júnó. Nafnið var þannig til koinið að heima hjá Lalla var eldavél með þessu nafni. Þá hafði ég eignast stóra harmoniku sem ég æfði mig á hvenær sem tækifæri gafst, í matar- og kaffitínum og öll kvöld og þótti verst að geta ekki spilað á nöttunni líka þegar



hinir þurftu að sofa. Á þessum tíma, 1961-62, voru *Egon og Eyþór* enn starfandi og þeir voru eina hljómsveitin á öllu Vesturlandi og það var mikil að gera hjá þeim. Nú, svo gekk þetta svona og við vorum stanslaust með hljómsveitir í átján ár. Hljómsveitirnar hétu ýmsum nöfnum: Júnó, Þórmenn, Hrynjandar, HLÓ tríði, Tríði Hafsteins Sigurðssonar og Ísíða. Það urðu mannaskipti en við Óli Geir og Lalli vorum allt þetta tímabil nema hvað Lalli tólf sér fír í eitt ár eða svo.

- Ég man að þegar ég var strákur þá fannst mér þú alltaf vera dæmi um þetta fólk sem hefur þá eftirsóknarverðu hæfileika að geta spilað á næstum hvað sem er og jafnvel fyrirhafnarlaust. Var aldrei um neitt formlegt nám að ræða hjá þér?

Ég spilaði alltaf eftir eyranu á harmonikuna en fjórtílega keypti ég mér danskan harmonikuskóla sem ég fór að reyna að spila eftir þó ég skildi kannski ekki mikil í en það voru þarna nokkur lög sem ég kannaðist við. Ég komst í gegnum þau en fingrasetninguna gat ég ekki lagað. Þegar ég var sautján ára fór ég til Vikings og ætlaði að læra á klarinet. Eina klarinettið sem var á lausun var hólvaður garmur sem

erfitt var að ná nokkru almennilegu hljóði úr en ég fór í þrjá fjóra tíma og hann kenni mér undirstöðuatriðin í nótalestri. Ég gafst strax upp á klarinettinu en fór í lúðrasveitina og spilaði þar á symbala og þá larði maður tölvert meira í nótalestri og mér fór að ganga betur með harmonikuskólann. Um svipað leiti byrjaði ég að skrifa upp nótur syfir saxófonana í hljóðmsveitinni og ég held að ég hafi lært mest á því. Það var svo ekki fyrr en þremur árum seinna sem ég fékk klarinet og klarinettskóla sem ég æfði mig eftir heima og eftir nokkurn tíma fór ég að spila með sveitinni. Í millitið inni hafði ég farið í píanótíma til Víkings eitt haust og þá spilaði ég í gegnum rauðu píanóbókina, hún var þýsk og alveg hrútleiðinleg.

**- Hvernig stóð á því að þú fórst að kenna á hljóðfæri?**

Það var þannig að um haustið 1975 þá var Víkingur í leyfi og það gekk eitthvað illa að fá tónlistarkennara. Séra Hjalti kom þá að málí við mig seint um haustið og spurði hvort ég væri ekki til með að taka þetta að mér. Ég bað hann bara vel að lisa og sagði sem var að þótt ég hefði spilað í hljóðmsveitum öll bessi ár þá kynni ég ekkert og þaðan af síður til þess að kenna öðrum. En honum tókst að plata mig til þess svo ég hætti í smíðunum og byrjaði eftir áramótin. Ég var ein taugahrúga með fjörutí til sinnití nemendur á blokkflautu sem ég hafði aldrei spilað á áður þannig að ég varð bara að reyna að vera aðeins á undan þeim en það gekk allt upp. Verra var þó með málmlásturhljóðfærin en það tókst þó alltsaman Nú, píanónemendum hlýddi ég aðallega yfir og fylgdist með að þeir gerðu engar vitleysur, ég hefði ekki einu sinni getað spilað það sem þessir lengst komnu voru með en nóturuar skildi ég sæmilega. Ofan á þetta bættist svo við söngkennsla í grunnskólanum. Árið eftir kom svo Arne Björhei, mér til mikils léttis, og hann tók við málmlástrinum og píanóinu en ég var áfram að mestu með tréblásturhljóðfærin. Þetta haust fjölgði geysilega í skólanum, mig minnir að nemendafjöldinn hafi verið í kringum 70. Ég kenni svo til 1980 að ég fékk leyfi í 2-3 ár og við fluttumst til Noregs.

**- Hvað vakti fyrir þér með því?**

Mig langaði að læra meira. Við fórum með lúðrasveitina út og ég varð eftir og fór svo til Krisiansands þar sem ég var búað að fá skólast sem svona nemandi á hlaupum.

**- Varstu ákvæðinn áður en þú fórst út hvað þú ætlaðir að læra?**

Já, ég var ákvæðinn í því að læra það bóklega. Ég var búinn að kenna í tær fimm ár og mér fannst ég vera kominn í strand, þekkingin náði ekkert lengra. Panuig að ég lét innrita mig í fög eins og t.d. sálfræði, sem ég las í tvö vetrur og kenuslufræði lauk ég á einum vetri. Svo var ég í tónheyrn, tónfræði, kórstjórn og hljómfraði sem mér þótti geysilega skemmtileg. Ég var þrjú ár úti, var lítið í skólanum fyrsta árið en tók þó tíma á klarinet. Annars var ég í trésmiðavinnu með skólanum allan tímann. En ég hafði mjög gott af þessu klarinettnámi. Ég hafði spilað á klarinet í þrettán ár og komst nú að því að ég hafði bara andað í það! Kennarinn létt mig hafa blöð nr. 5 og ég varð að gera svo vel og blásu af öllum lífs og sálar kröftum og það var sko ekkert grín. Ég fór líka í lúðrasveit og það var með ráðum gert því ég átti ekkert klarinet en fékk lánað hjá sveitinni. Þessi lúðrasveit het Falconbridge Musikkorps og var starfsmannalúðrasveit í norsk-kanadískri verksmiðju með sama nafni en það er mjög algengt í Noregi að í tengslum við verksmiðjur og stórfyrtækni starfi lúðrasveitir starfsmanna. Þetta var mjög skemmtilegt starf, við höfðum góðan stjórnanda, svoltíð bráðlátan en ákaflega músikalskan. Af honum lærði ég heilmikið með því að taka vel eftir.

**- Kláraðir þú þennan skóla?**

Nei, ég ætlaði mér aldrei að klára. Ég hefði ekki getað úrskrifast frá þessum skóla nema að taka mér frí frá vinnu í tvö ár í viðbót, að minnsta kosti. Ég hefði þurft að bæta við

mig svo miklu í hljóðfæraleik. Því að þó ég væri búinn að spila svona lengi þá hafði ég verið að rokka milli hinna ólíklegustu hljóðsæra og aldrei einbeitt mér að einu þeirra. Auk þess var ég búinn að lofa að koma heim og vildi standa við það.

**- Þá hefur þú farið að kenna aftur.**

Já, þá var Daði kominn og búinn að vera hér um tíma ásamt hinum kennurunum, Sigríði Kolbeins og Lárusi og öðrum sem höfðu staldrað skemur við. Þetta var haustið 1983 sem ég kom aftur og það má segja að síðan hafi þetta verið þessu formi sem það er núna nema hvað Ron bættist í hópinni í haust.

**- Snúum okkur aftur að tónlistarskólanum. Hvað finnst þér hafa hreyst á þessum tíma síðan þú kynntist honum fyrst? Hefur námið og námsefníð breyst verulega?**

Fyrst þegar ég var að byrja þá þekkti ég mjög lítið til námsefnisins. Ég var að reyna að nota það sem var til hérla af bókum sem var sáralítið og sumt reyndar úrelt. Maður reyndi að skoða framboðið í verslunum sem seldu nótur og tala við aðra kennara og þannig safnaðist smám saman nýrra og oft skemmtilegra efni. Í dag er úrvall námsefnis að verða nokkuð gott fyrir tónlistarskóla og tiltölulega auðvelt að komast yfir efni. Ljósritunartæknin gjörbreytti þessu bæði hvað snerti efni sem ekki var hægt að kaupa og það sem maður skrifaði upp sjálfur. En framboð kennsluefnis hefur aukist mikið og nána eftir að Tónastöðin á Akranesi tók til starfa þá hefur orðið gjörbylting á þessu sviði. Það má kannski segja að nú sé svo komið að vaudinn sé að velja efni. Hitt er svo annað mál að mér finnst kennsluefnir fyrir tónlistarskóla alltof dýrt. Þetta eru oft einfaldar útsetningar, jafnvel á þekktum lögum eða tónverkum og mér finnst ekki rétt að þurfa að borga sama verð fyrir t.d. orginal útsetningu á Vínarvölsum og einfaldaða útsetningu á sömu lögum fyrir böru, það er ekkert samræmi í þessu. Annars hefur efnisskrá lúðrasveitanna breyst geysilega undanfarin ár. Þegar ég hyrjaði í lúðrasveit var ekki spilað annað en marsar og ættjarðarlög og það er ekki fyrr en að Arne kom til okkar að þetta breyttist. Hann var alinn upp í lúðrasveit og hafði kynnt óskaplega miklu efni og vissi hvað var til og á þeim árum, eftir 1977, eru að byrja að aukast lúðrasveitarútsetningar af léttara taginu og það hefur batnað mikið og nána blómstrar íslenska útgáfan hjá lúðrasveitunum. Þetta höfðar til krakkanna en þau hafa líka

þáttum að ekki dálitið erfitt að sætta þau við það.

**- Er það ekki dálitið erfitt að sætta þau við það?**

Já, sérstaklega þau sem eru eldri. Það er betra að byrja með unga krakka því þau hafa áhuga en ekki þessa óþreyjutilfinningu, þau eldri eru óþolinmóðari og vegna þessarar geigyanlegu móturnar á öllum sviðum þá er þetta að verða svolitið alvarlegt mál. Mér finnst ersíðara að kenua krökkum, t.d. eldri en tíu ára, heldur en var fyrir nokkrum árum og ég held að það sé vegna þessarar móturnar sem þau vilja ekki lengur hugsa sjálfstætt. Þau eru bara eins og móttökustöð. Hlusta t.d. á tónlist daginn út og inn en þetta steymir bara í gegn og þetta er eins þegar þau fara að spila. Þau sjá nótur og spila eftir þeim en oft hugsunarlaust og um leið og eitthvað kemur sem þau geta ekki spilað þannig þá er allt stopp, þá þurfa þau að hugsa og allt stendur fast. Þarna er náttúrlega um að kenna þessari nútímafjölmílun og ég þekki nú bara ekki nágu vel til í grunnskólanum til að segja hvort sama móturnin fer fram þar eða hvort krakkar fá þjálfun í að hugsa sjálfstætt. Mér finnst vanta þessa forvitni í krakka, forvitni í sainbandi við tónlist. Ég var mjög forvitinn, og er enn, og mér fannst, og finnst enn gaman að fá eitthvert lag á nótum og reyna að spila það. Svo bíð ég spenntur eftir að heyrá það annars staðar til að athuga hvort ég hafi gert það rétt.

**- Getur verið að þetta sé vegna þess að fólk fínst tónlistarnám jafn sjálfsgagt og skyldunámið. Krakkar fara kannski ekki í þetta af sama hrennandi áhuganum og áður?**

Áður fyrr fór fólk í tónlistarskóla af tveim ástæðum. Annars vegar þeir sem höfðu á því sérstakan áhuga, og það voru undantekningarlaust góðir nemendur, og svo hinir sem fóru í nám af því að foreldrarnir vildu það. Súmir þeirra voru reyndar líka góðir nemendur en hjá öðrum þá drap þetta áhugann niður. Ef krökkum er haldið of stíft að þessu þegar þei eru í einhverju leiðindakasti, sem kemur oft fyrir, þá er það nóg til að drepa þetta alveg niður.

gaman af að spila gömlu löggin og þótt ótrúlegt sé, þá hafa þau mikla ánægju af erfiðum klassískum verkum líka.

**- Hvaða gildi heldur þú að tónlistarnám hafi, bæði fyrir samfélagið og einstaklingana?**

Ég tel að tónlistariðkun hafi það mikið uppeldislegt gildi að það sé verjandi tóluverðum fjármunum í hana. Það fer í petta mikill tími hjá krökkunum sem annars fær kannski í einhverja vitleysu eins og krakkar taka upp á þegar þeir hafa lítið fyrir stafni. Við vitum að sá sem er að spila eftir nótum hann þarf að læra að hafa stjórn á sjálfum sér, temja sér aga og það krefst geysilegrar einbeitni að lesa nótur. Þetta kemur þeim að miklum notum bæði í grunnskólanum og í lífinu sjálfa. Þau þurfa að lesa og reikna því þegar spilað er eftir nótum þá þarf að telja, leggja saman, draga frá og jafnvel stundum að deila og margfalda. Þannig að þetta hjálpar hvað öðru og það eru ansi margir sem gera sér enga grein fyrir þessu og finnst tónlistariðkun bara vera tímásoun. Hér áður fyrr var talað um að annaðhvort hefði fólk lag eða ekki og þeir sem voru svo óheppnir að vera ekki lagvissir þeir voru útskúfaðir frá tónlistarnámi. Í dag erum við sem betur fer bún að áttu okkur á því að þetta er ekki alveg rétt. Það er hægt að kenna öllum og ef þú tekur barn nágu snemma þá getur þú kennt því, tónheyrn þess og taktskynjun broskast og með tímanum getur viðkomandi orðið alveg gjaldgengur spilari. Hann verður kannski ekki listamaður á hljóðfæri en þeir sem læra að spila fá svo mikil út úr því fyrir sjálfa sig. Að geta spilað eitthvað, þó ekki sé nema lítið lag, er dálítil sigur fyrir hann. Þess vegna verðum við að leysa krökkunum sem eru að byrja á hljóðfæri að spila það sem þeim þykir skemmtilegt og lög sem þeir þekkja. Annað sem er mjög mikilvægt er að fara ekki af geyst, vera þolinmóður og sætta sig við að það taki langan tíma að læra á hljóðfæri.

**- Er það ekki dálitið erfitt að sætta þau við það?**

Jú, sérstaklega þau sem eru eldri. Það er betra að byrja með unga krakka því þau hafa áhuga en ekki þessa óþreyjutilfinningu, þau eldri eru óþolinmóðari og vegna þessarar geigyanlegu móturnar á öllum sviðum þá er þetta að verða svolitið alvarlegt mál. Mér finnst ersíðara að kenua krökkum, t.d. eldri en tíu ára, heldur en var fyrir nokkrum árum og ég held að það sé vegna þessarar móturnar sem þau vilja ekki lengur hugsa sjálfstætt. Þau eru bara eins og móttökustöð. Hlusta t.d. á tónlist daginn út og inn en þetta steymir bara í gegn og þetta er eins þegar þau fara að spila. Þau sjá nótur og spila eftir þeim en oft hugsunarlaust og um leið og eitthvað kemur sem þau geta ekki spilað þannig þá er allt stopp, þá þurfa þau að hugsa og allt stendur fast. Þarna er náttúrlega um að kenna þessari nútímafjölmílun og ég þekki nú bara ekki nágu vel til í grunnskólanum til að segja hvort sama móturnin fer fram þar eða hvort krakkar fá þjálfun í að hugsa sjálfstætt. Mér finnst vanta þessa forvitni í krakka, forvitni í sainbandi við tónlist. Ég var mjög forvitinn, og er enn, og mér fannst, og finnst enn gaman að fá eitthvert lag á nótum og reyna að spila það. Svo bíð ég spenntur eftir að heyrá það annars staðar til að athuga hvort ég hafi gert það rétt.

**- Getur verið að þetta sé vegna þess að fólk fínst tónlistarnám jafn sjálfsgagt og skyldunámið. Krakkar fara kannski ekki í þetta af sama hrennandi áhuganum og áður?**

Áður fyrr fór fólk í tónlistarskóla af tveim ástæðum. Annars vegar þeir sem höfðu á því sérstakan áhuga, og það voru undantekningarlaust góðir nemendur, og svo hinir sem fóru í nám af því að foreldrarnir vildu það. Súmir þeirra voru reyndar líka góðir nemendur en hjá öðrum þá drap þetta áhugann niður. Ef krökkum er haldið of stíft að þessu þegar þei eru í einhverju leiðindakasti, sem kemur oft fyrir, þá er það nóg til að drepa þetta alveg niður.

**- Nú eru krakkar kannski af einhverjum öðrum ástæðum í tónlistarnámi?**

Í dag finnst foreldrum sjálfsgagt að börnin fari í tónlistarskóla þó að á því séu undantekningar. Það er til fólk sem hefur ekki efni á að senda börnin sín í tónlistarskóla en vill heldur veita þeim annað, við þekkjum dæmi um það. Það er líka komið í tísku að vera í tónlistarskóla og krakkar sækja í þetta vegna félagsskaparins. Í því sambandi vil ég benda á eitt sem mér finnst athyglisvert og það er að það eru miklu fleiri stelpur en strákar í tónlistarskólanum. Ég held að það sé vegna þess að stelpurnar eru meiri félagsverur, vinkonurnar fylgjast að. Strákar fá oft áhugan um fermingaráldurinn því þá vilja þeir fara að stofna hljóðsveitir og þá byrja þeir venjulega að kaupa hljóðfæri og vilja svo fara að læra. En þá hafa þeir engan áhuga á hefðbundnu tónlistarnámi. Það gengur of hægt því að þetta þurfa að einu að fara að spila nýjustu popplögum sem er ekkert auðvelt fyrir kunnáttulítíð fólk. Þeir sem eru svo heppnir að hafa farið í tónlistarskóla hafa ómælt gagn af því, jafnvel þó þeir hafi lært að önnur hljóðfæri en þeir ætla að spila á hljóðsveitinni. En það væri gaman að fá fleiri stráka í skólanum.



**- Er ekki tónlistarskólinn líka í samkeppni við annað fristundastarf?**

Jú, það er ekki hægt að neyta því. Tónlistariðkun flokkast undir fristundastarf en mér finnst að hún ætti ekki að vera það. Ég vildi að hún væri hluti af grunnskólanáminu, bæði söngur og tónlistarnám. Grunnurinn, söngur, blokkflauta og tónmennt, væri skylda en síðan væri frekara tónlistarnám valgrein. Mér finnst, eins og ég sagði áðan, að tónlistariðkun styðji við bakið á öðrum námsgreinum, að hún sé jafn sjálfsgagður hlutur og íþróttir sem eru bráðnauðsynlegar með öðru námi. Síðan gætu krakkarnir valið um meiri tónlist eða meiri íþróttir fyrir utan skólanum í sínum frítíma. Þarna verða einstaklingarnir mjög fljóttlega á sínum ferli að fara að velja.

**- Þetta er kannski framtíðin, eða hvernig heldur þú að þessi skóli þróist næstu 25 árin?**

Ég ætla nú að vona að hann haldi áfram að starfa á ekki lakara plani en hann hefur verið og ég á ekki vona að öðru en að svo verði og þróunin verði upp á við nema einhverjar breytingar verði á hugsunarhætti fólk. Ef fólk skilur ekki hvað þetta er góð undirstöðumenntun þá náttúrlega hlýtur



*Arne Björhei. Hvem kan segla förutan vind...*

## Kveðja frá Verkalýðsfélagi Stykkishólms

„Hvað er ást til átthaganna?  
Innsti kjarni minninganna”.

Pannig kvað Jens Hermannsson frá Flatey fyrir mörgum árum og enn velta menn þeirri spurningu fyrir sér, um væntumþykju á sinni heimabyggð, hvað það sé er helst stendur upp úr þegar hugsað er heim. Allir þekkja heimþrána óskýranlegu. Er það umhverfið, ættungarnir, vinirnir eða minningin um menninguna? Við þann þáttinn ætla ég að staldra. Nú þegar einn af menningarþáttum Stykkishólms minnist tímamóta í sínu starfi þ.e. Lúðrasveit Stykkishólms, en hún var stofnuð 20. apríl 1944. Þá hafði reyndar verið starfandi blástursveit mun fyrr á öldinni en til eru merkar ljósmyndir frá 1915 sem staðfesta það og efa ég ekki að það hefur verið mikill menningarauki við annað félagslíf sem hér blómstræði.

Um stofnun Lúðrasveitarinnar munu eflaust aðrir fjalla en sem njótandi langar mig að láta hugann reika. Á þeim 45 árum sem liðin eru frá stofnun Lúðrasveitar Stykkishólms, hafa margir félagar unnið vel og dyggilega og eru þar nokkur nöfn sem gnæfa hátt eins og gengur í félagskap. Mikið átak þurfti og samheldni er Lúðrasveitin fékk gamla bókasafnshúsið og flutti það niður Bókhloðuhöfðann á þann stað er það stendur enn og fékk heitið „Hljómskálinn”. Þá var fjör í vesturbænum og allir fylgdust með af athygli. Þetta var erfitt verk, því lítið var um tækni nútímans en þetta hafðist með þrautseiglu og dugnaði.

Margt spaugilegt hefur eflaust hent félagana eins og gerist í góðum hópi. Ég minnist þess að hafa heyrt sögu af því þegar genginn var rúnturinn á sumardaginn fyrsta og Aðalgatan var upp á sitt besta, þ.e. hola við holu, þá hafi mátt heyra aukahljóð úr lúðrunum þegar spilamennirnir „plompuðu” ofan í holurnar. En áfram er gengið og allar holur horfnar.

þetta að dala. Núna nýtur Tónlistarskóli Stykkishólms sérstakrar velvildar bæjaryfirvalda og hefur gert það lengi. Við værum ekki í þessum sporum nema vegna þess að bæjaryfirvöldum er mjög umhugað um að skólinn starfaði vel. Núna heyrir maður slæmar sögur annars staðar frá þar sem tónlistarskólamenn eru skjálfandi á beinunum vegna þeirra breytinga sem eru fyrirhugaðar á rekstri skólanna. Þar eru kannski menn við stjórn sem skilja ekki eða vilja ekki viðurkenna hvað þetta er nauðsynlegur þáttur í mannlífinu.

– Að lokum. Hvað gerir þú í tómstundum þínum þegar þú er ekki að spila á harmoniku?

Hann var góður þessi. Hjá mér eru tómstundirnar sama og vinnan. Ég hef eitt brennandi áhugamál í þessu lífi og það er að spila á harmoniku.

## Bjarni Lárentsínusson: Hnífar á lofti



*Strákarnir míni: Sigurður Ragnar, Unnar Freyr, Bjartmar og Bjarni Lárentsínusson.*

Eftirminnilegasta dag með Lúðrasveit Stykkishólms bar upp á fermingardaginn minn 20. maí 1945. Til Lúðrasveitar Stykkishólms var kominn Albert Klahn stjórnandi Lúðrasveitar Reykjavíkur og einnig kom Guðlaugur Magnússon, trompetleikari, og spilaði með okkur. Albert Klahn átti svo að æfa og leiðbeina okkur með blásturinn. Á hvítasunnumorgun var byrjað að æfa klukkan níu og æft til klukkan ellefu. Þá var gefið frí til klukkan hálffimm vegna þess að tveir félagar lúðrasveitarinnar, þeir Hinrik Finnsson og undirritaður áttu að fermast klukkan eitt þennan dag. Það var á þessari fyrstu æfingu sem það atvik kom upp sem setti fermingardaginn úr skorðum.

Ég byrjaði að spila á tenórhorn í lúðrasveitinni. Spilaði á annan tenór en Skúli Bjarnason, húsasmíður, var á fyrra tenór. Á þessari æfingu voru æfð ýmis lög og þar á meðal „Íslands hravnistumenn” efti Emil Thoroddsen. Það var í því lagi sem tenórhornin skiluðu ekki sínu. Það var blásið og margendurtekið en ekkert gekk. Klahn létt Víking setjast hjá okkur og telja í með okkur. Alveg sama, ekkert gekk. Um leið og Víkingur var farinn var allt komið í sama farið aftur. Þá kom Klahn gamli til okkar. Stillti sér upp fyrir aftan okkur, tökk upp litinn vasahnif og sagði: „Jæja, Bjarna og Skúla”, – hann talaði alltaf bjagaða íslensku – „ef þið ekki spila rétt í næsta sinn þá skal eyru af”. Svo var lagid tekið einu sinni enn. Skúli hálflæjandi en ég

„nervös” og titrandi. Þegar við vorum búin að spila lagið tók Klahn nótunnar og sagði: „Þið spila rétt á æfingin klukkan hálffimm í dag”!

Það var hugsandi drengur sem gekk upp að altarinu til að láta ferma sig þennan dag. Mér datt í hug að skrópa og mæta ekki á æfinguna, mæta bara ekki neitt fyrr en karlinn væri farinn suður. Þetta og margt annað var ég að hugsa um við altarið þegar ég heyri séra Sigurð allt í einu segja: „Bjarni Lárentsínusson, hvernig hljóðar sú ritningargrein sem þú hefur valið þér við þetta tækifæri”? Þá raknaði ég við mér og ætlaði að fara með ritningargreinina en allt stóð fast – ég var búinn að gleyma henni! Ég leit framan í séra Sigurð sem brosti til míni og nikkað höfðinu í átt að ræðustólnum og þar stóð allt skrifð skýrum stöfum svo ég mundi eftir greininni og fór með hana. Þegar ég kom heim úr kirkju var ég á báðum áttum hvort ég ætti að mæta á æfinguna klukkan hálffimm. Ætti ég ekki bara að hætta þessu? En löngunin við hornablásturinn varð yfirsterkari og ég mætti á æfinguna. Fyrsta lagið sem var tekið var „Íslands hravnistumenn”, en enginn hnifur var á lofti og Klahn brosti og óskaði mér til hamingju með ferminguna. Við byrjuðum að spila af fullum krafti og gekk það bara vel.

Þetta var nú ekki míni síðasta æfing því árin í Lúðrasveit Stykkishólms urðu rúmlega 40 og sé ég ekki eftir þeim tíma sem í þetta hefur farið.

Ína Jónasdóttir:

## Ferðalag Lúðrasveitar Stykkishólms til vinabæja Stykkishólms í Noregi, Svíþjóð og Danmörku í júní 1986

Það var glaðvær hópur sem steig upp í rútu í Stykkishólmi að morgni mánudagsins 2. júní 1986. Hópurinn, sem samanstóð af meðlimum yngri og eldri deildar Lúðrasveitar Stykkishólms ásamt stjórnandum, Daða Þór Einarssyni, Gunnari Svanlaugssyni fararstjóra, tíu foreldrum og öðru fylgdarliði, var að leggja af stað í ferð til vinabæja Stykkishólms í Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

Ekið var til Keflavíkur með viðkomu í Mosfellssveit og voru þar þegnar góðgerðir hjá vinum okkar þar en Lúðrasveit Mosfellssveitar var einnig að leggja upp í sams konar ferð.

Frá Keflavík var flogið til *Oslóar*. Þar beið okkar rúta sem fylgdi okkur alla ferðina og var ekið sem leið lá til *Drammen*. Í Drammen er búsett íslensk kona, Sigríður Ingimundardóttir, og tók hún á móti okkur og var okkur, ásamt fjölskyldu sinni, til halds og trausts meðan á dvölinni stóð. Í Drammen var dvalið í two daga og sveitin lék bæði innandyra og utan, fyrri daginn í sjúkrahúsini og hinn síðari við afhendingu steins sem var gjöf frá Stykkishólmi í tilefni 175 ára afmælis Drammen. Prátt fyrir hellirigningu létt hún Gógó sig hafa það að klæðast upphlut við athöfnina og vakti það mikla hrifningu viðstaddir. Eftir athöfnina var haldið í Ráðhúsið til hádegisverðar. Í Drammen hellirigndi öðru hverju og var það engin íslensk rigning heldur var sem himnarnir opnuðust og lækir flæddu niður. Samt var nú farið í skoðunarferðir um bæinn og næsta nágrenni m.a. á *Spiralen*, þar sem ekið er inni í fjalli hring eftir hring þar til komið er upp á topp. Útsýni er sagt stórkostlegt frá þessum stað en lítið fór fyrir því að þessu sinni. Fjárfest var í póstkortum til að sjá eitthvað af dýrðinni en myndavélarnar látnar eiga sig nema hvað Gunnar og Daði vildu endilega láta mynda sig við gamla fallbyssu sem komið hefur verið fyrir á planinu.

Áður en við yfirlögum Noreg var haldið til *Oppégård* þar sem vinur okkar, Arne Björhei tók á móti okkur. Þar var hópnum boðið af bæjarstjórn í hádegisverð í ráðhúsi bæjarins. Arne var síðan með hópnum allan daginn og sýndi okkur ýmislegt markvert eins og *Frammuseum* og hús *Roalds Amundsen*. Einig var farið upp í *Tryvannstårnet* sem er sjónvarpsendurvarpsstöð en þar hefur verið útbúinn útsýnisturn og er útsýni stórkostlegt til allra átta. Á leiðinni heim vildi Hjörðis koma við á *Frognerstretet* því hún hafði heyrt að þar mætti fá heimsins bestu jarðarberjatertu en í þess stað var gengið upp á *Holmenkollen*. Gist var í *Oppégård* og snemma næsta morgun var haldið af stað til *Örebro*.

Sólin skein og hlýtt var í veðri. Sumir höfðu á orði að ef við hefðum verið um kyrrt í Noregi þá hefði sko

örugglega right. Svefn sótti að sumum og Þór mátti til að taka upp myndavélina og festa þá á filmu sem sváfu svefni hinna réttlátu. Í Örebro kom til liðs við okkur Sigurður Ingi. Þar sáum við að betra er að hafa umboðsmann á staðnum. En hvað um það í Örebro áttum við góða daga. Lúðrasveitin kom fram í sveðisútvarpi og á opnunardegi *Gustavsvikbadet*. Í blaðaúrkippu þar sem sagt er frá þeiri athöfn eru bæjaryfirvöld og þeir aðilar sem að henni stóðu harðlega gagnrýndir fyrir að láta sveitina spila úti í horni og að erfitt hefði verið fyrir fólk að rata út í þann afkima.

Farið var í skoðunarferðir um bæinn og eins og í Noregi var skyggni ekki upp á marga fiska. Samt var farið upp í *Sveppinn* sem eru vatnstankar. Þá skoðuðum við gamlan bæjarhluta sem hefur haldið sinni upprunalegu mynd. Í sumum húsunum er enn búið en í öðrum eru verslanir og ýmis konar gamlir munir til sýnis.


Í Örebro fundum við ókosti þess að hafa ekki upphitun í húsum þótt komið væri fram í júní. Það burfti að þvo og þurrka en ekki var auðhlaupið að því. Snúrur voru gerðar úr öllu mögulegu og ómögulegu í skólanum þar sem við héldum til. Þarna er ef til vill komin skýringin á því hvers vegna fáar þvottaklemmur fundust þegar til átti að taka í *Kolding*.

Áður en Svíþjóð var kvödd var haldið til *Kungelv*. Þar komu allir sér vel fyrir í skóla sem við fengum afnot af. Síðan var haldið til Gautaborgar og farið í *Lisbergsvívoli*. Þar lék lúðrasveitin nokkur lög. Allir skemmtu sér hið besta fram á kvöld en þá var haldið heim í skóla til hvíldar.

„Nu er vi på hjemmebanen“, sagði bílstjórin okkar er við komum yfir til Danmerkur. Veislun byrjaði hjá heiðurshjónunum Olgu og Flemming í *Århus*. Þau munaði ekki um að bjóða 53 svöngum ferðalöngum upp á stórkostlegar kræsingar á heimili sínu. Sannkölluð íslensk gestrisni á þeim bæ og hafi þau kæra þökk fyrir.

Lúðrasveitin byrjaði líka sína spilamennsku í Danmörku fyrir utan tónlistarskóla í *Århus*. Ekki veit ég hvað vegfarendur hafa hugsað er þeir sáu fjölda ungmannna hafa fataskipti á gangstéttinni. En enginn létt það á sig fá því nú var komið sólskin og hiti og um að gera að vera létklæddur.

Að kveldi var komið til *Kolding*. Þar fengum við inni á farfuglaheimili og rúm að sofa í „Þetta er yndislegt“, stundu þær Gréta og Gógó um leið og þær sveifluðu sér upp í kojurnar. Í *Kolding* áttum við þrjá yndislega daga. Lúðrasveitin lék við hin ýmsu tækifæri en þess á



Lúðrasveit Stykkishólms fyrir framan ráðhúsið í Drammen 1986.

milli var allur hópurinn í stanlausri veislu. Ekki aðeins í mat og drykk heldur var allt gert til að gera dvölinu sem ánægjulegasta.

Parna komumst við í þvottahús svo nú var tekið til hennini: Öllum óhreinum þvotti var safnað saman og arkað af stað með ótal plastpoka. Hvernig komst fólk af fyrir tíma plastsins? Þegar heim var komið var öllu raða upp og hver varð að þekkja sitt - 100 hvítir sokkar með blárrí og rauðri rönd - allt gekk samt út! Hjólaskautaæði greip um sig og fjárfestu margir í hjólaskautum.

*Kaupmannahöfn* var síðasti áfangi ferðarinnar. Dvalið var í íþróttahúsi í *Birkeroð*, úthverfi Kaupmannahafnar. Nú áttu allir hljóðfæraleikararnir frí nema ákvæðið var að Lúðrasveit Mosfellssveitar og Lúðrasveit Stykkishólms léku 15. júní við hús Jóns Sigurðssonar á hátiðarhöldum í tilefni af 17. júní.

Ég má til með að skjóta inn í frásögn af atviki sem gerðist í *Kaupmannahöfn*. Þar vorum við að fara milli staða og slóst bílstjóri þeirra Mosfellinga með í förina. Allt í einu var púað ógurlega, allir litu fram, hvað var að gerast? Jú, bílstjórin hafði kveikt í sigarettu. Nú uppgötvadist það allt í einu að rútunni hafði verið haldið reyklausri alla ferðina. Hann var því fljótur að drepa í og ég er ekki fjarri því að hann hafi roðnað af skömm.

Í *Kaupmannahöfn* var gaman að vera. Þar slögust í för með okkur þeir Finnur Jóns og Eggert. Farið var í dýragarð og svo auðvitað í *Tívoli* og eyddum við þar heilu kvöldi í yndislegu veðri. Þá var farið á *Stríkið* og mannlífið skoðað en *Jarðarberjakjallaranum* var lokað á nefið á Gógó, en sú synd og skömm! Þeir misstu af góðum „kúnnum“ þar. Náttúrlega þurfti að kanna lífvörð drottningarárinnar og það var ekki laust við að við vorkenndum aumingja mönnunum að standa þarna



Hafnrun Brá Hafsteinsdóttir 1989.

Hjalti Guðmundsson:

## Nú skaltu læra á flautu

Ég hef alltaf verið hrifinn af lúðrasveitum, allt frá því ég var lítt drengur að alast upp í Reykjavík. Í þá daga var það algengt að lúðrasveitir léku á Austurvelli á góðviðrisdögum á sumrin og mannfjöldi kom til að hlusta á og spásséraði kringum Austurvöll bæði til að hlusta á tónlistina og sýna sig og sjá aðra. Þá var járngríudverk utan um Austurvöll og það var rétt mátulegt bil milli grindanna svo að lítt drengur gæti stungið höfðinu þar á milli en það var erfðara að ná því út aftur! En þetta var svo freistandi og þá sá maður og heyrði betur til þessara merkilegu mauna sem blésu í lúðraná sína. Sérstaklega var það eitt lag sem ég var mjög hrifinn af og var eftir á vinsældalistanum mínum þegar ég var 6 ára. Það var lagið „Voríð er komið og grundirnar gróá“. Ekki grunaði mig þá að ég ætti síðar estir að spila í lúðrasveit í sínu úniformi og þar á meðal þetta uppáhaldslag mitt og mörg önnur.

Lúðrasveit er ómissandi, þegar halda skal hátið. Það þekkjum við frá Stykkishólmi. Alltaf var Lúðrasveit Stykkishólms kölluð til þegar eitthvað mikil stóð til og hún hefur sannarlega glatt hjortu bæjarbúa í öll þessi ár og heimamenn hafa verið stoltir af lúðrasveitinni sinni og þakklátir þeim mönnum sem þar hafa lagt af mörkum mikla vinnu. En sú vinna er auðvitað lögð af mörkum af fúsum vilja þeirra sem hafa ánægju af að leika í lúðrasveit og eiga hlut í þeim góða og skemmtilega félagsskap sem þar grær og blómgast.

Fyrsta sumarið mitt í Stykkishólmi, 1966, þurfti organistinn minn, Víkingur Jóhannesson, að fara með Lúðrasveit Stykkishólms austur á Selfoss á lúðrasveitamót og því gátum við ekki messað um þá helgi.

Nokkrum dögum seinna sé ég að Víkingur gengur í hlað á Prestshúsinu á Silfurgötu 6 og ber einhvern ílangan pakka undir hendinni. Honum var að sjálfsögd boðið inn í stofu og þegar við erum sestir segir hann: „Hér er ég með flautu. Nú skaltu læra á hana og koma í lúðrasveitina“.

„Já takk“, segi ég, „það var gaman. En hver á að kenna mér? „Þú gerir það sjálfur“, segir Víkingur. Svona einfalt var það. Presturinn þorði auðvitað ekki annað en að gera það, sem organistinn sagði honum að gera og það var farið að blása og blása (aummingja heimilisfólk). Nokkur tími leið ádur en einhvers konar tónn fór að heyrast. Það þurfti mikil loft því að mest af því fór yfir farinn veg, þá er dyölin í Stykkishólmi einhver besti tími ævi minnar. Ég mun alltaf minnast þessara ára með miklu þakklæti og meðal þess sem hæst ber eru ánægjustundirnar, sem ég átti í Lúðrasveit Stykkishólms. Ég óska Lúðrasveitinni allra heilla á þessum tímamótum og trúi því, að hún muni um ókomna framtíð gleðja Stykkishólmssbúa og aðra landsmenn með hressilegum leik.



Hjalti Guðmundsson, flautuleikari.

Þar var ég síðan næstu 10 árin og átti þar margar ánægjustundir með mínum góðu félögum. Alla tið verð ég þakklatur fyrir þessi ár og fyrir samverustundirnar. Lúðrasveit var tölvert góð á þessum árum og við stóðumst vel samaburð við aðrar lúðrasveitir á landinu, að fratóldum þeim stóru í Reykjavík.

Allt var þetta auðvitað fyrst og fremst einum manni að þakka, stjórnandanum, Víkingi Jóhannessyni. Ævi og starf Víkingur er sérstakur kapítuli í sögu Stykkishólms. Hann lagði svo mikil af mörkum í tónlistarlífi Stykkishólms og gaf svo mikil af sjálfum sér og auðgaði mannlífið og veitti okkur margar gleðistundir. Þó var hann manna lítillálastur og síðastur allra til að miklast af verkum sínum. En við sem þekktum hann og störfuðum með honum sáum mannkosti hans og hæfileika og við minnumst með þakklæti allra þeirra stunda, sem veittu okkur ánægju og gleði.

Þegar ég lit yfir farinn veg, þá er dyölin í Stykkishólmi einhver besti tími ævi minnar. Ég mun alltaf minnast þessara ára með miklu þakklæti og meðal þess sem hæst ber eru ánægjustundirnar, sem ég átti í Lúðrasveit Stykkishólms. Ég óska Lúðrasveitinni allra heilla á þessum tímamótum og trúi því, að hún muni um ókomna framtíð gleðja Stykkishólmssbúa og aðra landsmenn með hressilegum leik.

Jón Svanur Pétursson:

## „Krimta í horni...“

Í febrúarmánuði árið 1917 birtist í tímaritinu „Óðni“, grein um félagslíf í Stykkishólmi á seinni hluta síðstu aldar og í upphafi þessarar. Hún var rituð af hjónunum Önnu og Ólafi Thorlaciusi sem lengi voru búsett hér í bænum og unnu að ýmsum framfaramálum og tóku virkan þátt í söng- og leiklistarstarfsemi. Í greininni stendur m.a.: „Síðan voru keyptir lúðrar (horn) og fenginn maður úr Rvík. til að kenna að leika á horn. Peir ljeku einstöku sinnum í 2 ár, en nú er orðið langt síðan heyrst hefur krimta í horni hjer. Það er voðalega leiðinleg þögn“. (tilv. lýkur).

Samkvæmt þessu hafði þá fyrsti hornaflokkur hérna í Hólminum gefið upp öndina og fram að þeim tíma líklega ekki verið blásið í hljóðfæri hér síðan Egill Egilsen og þar áður Árni Thorlacius spilaðu á hljóðpípur sínar á öldinni sem leið. En þögnin var aftur rofin og starfaði þá lúðrasveit í nokkur ár. Svo var það 1944 að nokkrir ungar og áhugasamir menn tóku fram lúðra og byrjuðu að blása og stemma saman undir stjórn Vikings Jóhannesson. Það var að vori nokkrum mánuðum fyrir stofnun lýðveldisins og er ekki ólíklegt að brautryðendurnir hafi verið upptendraðir þeim eldmóði sem þá fór um land og hafi það reynst lúðrasveitinni gott veganesti.

Þegar ég var að alast hér upp þótti mér, sem sjálfsagt fleirum, ekkert eðlilegra en að hérna væri starfandi lúðrasveit sem léki marsa og ættjarðarlög á hátiðsdögum, færi fremst í skrúðögum og gæsi þessum dögum sérstakan blæ hvatningar og sameiningar. Seinna skildi ég að það var ómetanlegt litlu bæjarfélagið og alls ekki sjálfsagt mál. Auðvitað byggðist það á almennum áhuga fyrir hljómlist, sem hefði dugað skammt ef ekki hefðu verið menn sem höfðu vilja til að nota tómstundi í æfingar og samleik.

Á þessum árum varð maður líka stundum var við það þegar menn æfðu sig heima. Það var sérstaklega á kyrrum kvöldum að einhversstaðar heyrðist tónstiginn spilaður upp og niður af samviskusönum blásara. Mér er það minnisstætt hvað það hreif mig á slikum kvöldum þegar klarinettonar bárust frá opnum risglugganum í Árnýjarbæ sem var beint á móti húsinu heima. Þar voru þá bræðurnir Áskell og Hannes að æfa sig.

Árið 1954 byrjuðum við Baldur Ólafsson að æfa hjá Víkingi. Baldur fékk alt- en ég tenórhorn. Þau höfðu orðið fyrir ýmissonar hnjasí um dagana, en við settum það ekki fyrir okkur en tókum þeim fegins hendi. Svo var byrjað að reyna að mynda tón og síðan að lera nótturnar og þar á eftir komiði estirslög, og ennþá fleiri estirslög. Það kom nú að því að við særum að mæta á æfingar með lúðrasveitinni. Þær voru í Barnaskólanum og kaffistofu Kaupfélagsins í frystihúsini. Þetta var fyrir daga hinna mörgu klúbbra. Það var einn fjölmáttill þ.e. útvarpið og svo voru



Úr hljómléikafeð til Króksfjarðarness 1961: Bjarni Lárusson, Benni Óli Kristjánsson, Jón Svanur Pétursson, Víkingur og Einar Í Dal.

auðvitað bíosýningar hjá Magnúsi í Samkomuhúsinu.

Ég hef stundum hugsað um hvað það voru í rauninni mikil forréttindi fyrir strákling að fá að njóta félagsskapar þessara skemmtilegu manna. Þarna opnaðist manni heimur hljómlistar, viðleitnir að fága það sem æft var og ekki má gleyma stöðugri leit að hinum hreina tóni. Menn höfðu líka frá mörgu skemmtilegu að segja og krydduðu æfingarnar léttu hjali enda þarna samankomnir hárfínir húmoristar. Var Víkingur, með sitt frábæra skopskyn, oft hrókur alls fagnaðar en hann hafði líka góða stjórn á sínu liði. Ég minnist hans með þakklæti og virðingu.

Já, það var alltaf líf í lúðrasveitinni og ýmislegt að gerast auk hefðbundinna spilamennsku. Minnisstæðir eru t.d. áramótadansleikirnir. Fyrir miðnætti á gamlárvkvöldi, meðan logaði glatt í „Beggabrennu“, kom fólk saman í Samkomuhúsinu. Sveitin lék nokkur lög, annáll ársins var fluttur og á miðnætti sungu allir viðstaddir við undirleik Lúðrasveitarinnar „Nú árið er liðið“. Síðan var farið út fyrir húsið og flugeldum skotið á loft. Þetta var mjög hátiðlegt.

Flutningur gamla bókasafnsins var eftirminnilegur, og einnig þegar nýir lúðrar voru teknir upp úr kössum og menn fóru varfærnum höndum um gljáandi hljóðfærin. Ferðalögin voru líka skemmtileg og datt þá mönnum ýmislegt í hug. Einu sinni var t.d. farið í Dali og Króksfjarðarnes og komið við á Reykhólum. Í sundlaug þar á staðnum var háð kappssund og sigraði Benni með yfirburðum og hlaut „blóm“ að launum.

Ekki minnist ég þess að lúðrasveitarmenn hafi lent í

meiriháttar háska á þessum árum. Það var þá ef til vill helst þegar marserað var um malargötur bæjarins eftir rigningu eða í vætutið. Var þá betra að vera vel skóður, því pollur var við poll. Þurfti mikla einbeiti að þræða hjá þeim samtímis því að hafa augun föst við nótturnar, enda komu þá oft óvænt hljóð úr hornum. Ég man eftir því að eitt sinn var undirritaður svo upptekinn við þetta að hann tók sig út úr hópnum og nokkrir sem fyrir aftan gengu fylgdu eftir í blindni en sem betur fór áttuðu menn sig í tíma.

Lúðrasveitin er núna eingöngu skipuð unglungum og nýtur þess að hafa hæfan stjórnanda, Daða Þór

Einarsson. Hann sveiflar ekki aðeins tónsprota en er einnig góður félagi þeirra og leiðir af hugsjón og hesur metnað fyrir hond sveitarinnar. Að mínum dómi er hann verðugur arftaki þeirra sem hófu merkið á loft sumardaginn fyrsta 1944.

Þakka ber brautryðjendunum sem störfuðu í Lúðrasveitinni í áraraðir. Þeim sem tóku við og halda starfinu áfram er einnig þakkað og óskað velfarnaðar.

Fyrverandi félögum þakka ég skemmtileg og viðburðarík ár. Megi lúðrar lengi hljóma hér í Stykkishólmi. Til hamingju.

Brot úr dagbók Jóns Svans.

April 1955.

## Ferð til Grundarfjarðar

„Leysið landfestar”, kallaði Lárus Guðmundsson, skipstjóri á Baldri póstbáti sem seig frá bryggjunni, því nú var Lúðrasveit Stykkishólms að fara að halda skemmtun úti í Grundarfirði, fóru um 20 manns með fyrir utan okkur. Gerðist nú ekkert sérstakt á leiðinni sem markvert er að tala um. Vorum við um 2 tíma úteftir. Þegar við komum voru bátarnir að koma að. Var versta veður, mikill sjór og rigning. Lögðum við þá að landi og fórum af stað upp að skólanum sem er líka leikfimihús og kirkja. Var þetta nokkuð stórt hús. Fórum við nú að koma okkur fyrir í húsinu. Fólkið kom ekki fyrr en um klukkan tíu, og byrjuðum við þá að spila. Spiluðum við fyrst 6 lög en þá var hlé, kom þá Árni með nokkrar spurningar, voru síðan spiluð aftur 6

(Jón Sv. skrifast 1955)



Glatt á hjalla í hljómlíkafærð til Króksfjarðarness 1961.

Hver var nú að segja eitthvað sniðugt?

## Ferð til Blönduóss og Sauðárkróks 1956

Lúðrasveitin í Stykkishólmi lagði af stað norður á Blönduós og Sauðárkrók laugardaginn 9. júní. Við fórum af stað kl. hálf tvö e.h. Við fórum í Svefnvagninum. Það var rigning alla leið suður fyrir fjall, en þegar þangað kom fór að birta svolítid, en smáskúrir. Við héldum nú stanslaust áfram alla leið í Fornahvamm, en þar var borðað. Síðan héldum við aftur af stað. Klukkan var um níu þegar við komum á Blönduós. Við komum okkur fyrir á Hótel Blönduós. Við Óli Steinþórs og Baldur Ó. vorum saman í 2ja manna herbergi, það var númer 46. Síðan var farið að koma sér fyrir á svíðinu. Við spiluðum uppi á lofti í „Sparisjóði Húnvetninga”, en þar er samkomusalur. Við spiluðum 12 lög og aukalag. Var leiknum ágætlega tekið. Eftir hljómlíkana var slegið upp dansleik. B.L.kwartettinn og kvintettinn okkar spiluðu. Það var ansi mikið fólk.

Þegar skemmtunin var búin var klukkan rúmlega tvö. Við fórum upp í herbergi en fáum var víst svefnamt, því það voru slagsmál til kl. 5, en þá gat ég fyrst fest blund. Ég vaknaði kl. 9. Óli og Baldur voru steinsofandi. Ég klæddi mig og þvoði og síðan fór ég fram á gang. Þar hitti ég Benna og Viking. Þeir voru að fara í apótekið. Ég fór með þeim þangað. Benni keypti nú meðalið sem var handa Kiddý og síðan fórum við upp á hótel. Ég vakti Óla og Baldur. Þeir stukku fram úr rúmunum og flýttu sér í fótin.

Kl. hálf ellefu lögðum við af stað inn að Sauðárkróki, en fyrst var stoppað við Héraðssjúkrahús Húnvetninga. Þar sýndi Páll Kolka héraðslæknir okkur hvern krök og kima. Fórum við aftur af stað. Var nú haldið stanslaust inn að Sauðárkróki. Þegar þangað kom fórum við á Hótel Tindastóll. Þar fengum við allskonar kræsingar. Kl. hálf fjögur spiluðum við úti í garði sem kallaður er Gróðrastöðin. Þegar við vorum búnir að spila fórum við með manni nokkrum upp á hæðina fyrir ofan Sauðárkrók. Þar sýndi hann umhverfið. Drangey var hulin rigningu, en við sáum vel móta fyrir henni, snarbrattri og voldugri. Þarna sáum við til Höla í Hjaltadal og margt fleira sem ég veit ekki staðarnöfn á. Mér fannst fallegt á Sauðárkróki. Síðan fórum við ofan að félagsheimilinu sem er mjög fullkomíð. Okkur var sýnt allt þar. Þegar því var lokið, héldum við svo heim á leið. Við stönsuðum nokkra stund í Glauðbæ, en þar er byggðasafn Skagfirðinga. Það var mjög skemmtilegt að skoða allt þar, það kostaði 5 krónur. Síðan var aftur haldið af stað. Næst var stansað við minnisvarða Stefáns G. Stefánssonar.

Þegar við komum á Blönduós, beið okkar matur og kaffi. Var nú snætt af bestu lyst. Þegar allir voru orðnir mettir var aftur lagt af stað og nú haldið stanslaust að sæluhúsinu á Holtavörðuheiði, en þar var stoppað svolita stund. Tókum við nú fram harmonikurnar og var spilað mestalla leiðina. Gekk nú allt vel. Heim var

komið um kl. fimm (um morgun). Þetta hafði verið mjög skemmtileg ferð.

Jón Svanur, (skrifast 1956)



Félagar að byggja Hljómskálann. Bjarni Lá, Dói, Kristján Porkelsson, Hannes, Svanlaugur, Vikingur, Eyþór, Bjarni Lárent, Árni Helga, Hermann Guðmundsson.

Hannes Gunnarsson:

## Lítill kafli úr langri sögu

Um svipað leyti og lýðveldi var endurreist á Íslandi tóku nokkrir Hólmarar upp á því að spila á lúðra og þannig varð Lúðrasveit Stykkishólms til. Þessir lúðrablásarar voru á öllum aldri, sumir jafnvel ekki komnir í kristinna manna tölu. En til að lúðrasvetin yrði nú virkilega góð var fenginn þýskur maður, sem búsettur var hér á landi, til að aðstoða hina bjartsýnu blásara... Sá var svo harður að hann hótaði að skera af þeim eyrun sem ekki spilaðu rétt. Sérstaklega varð ungar maður, ófermdur, fyrir barðinu á hinum þýska stjórnanda. Æsingar voru bæði langar og strangar. Þó fékk hinn ungi sveinn frí frá æsingum til að fermast en heyrst hefur að hann hafi gripið um eyrun öðru hvoru meðan á athöfninni stóð. En allt fór vel. Þessi maður heldur enn sínunum eyrum og spilaði á lúðurinn í 40 ár.

Eins og gefur að skilja gengur á ýmsu hjá fámennri lúðrasveit og oft er tvísýnt um hvort hún geti haldið áfram sinni starfsemi. Þannig var það hjá Lúðrasveit Stykkishólms að um tíma valt líf hennar á því hvort sá sem spilað hafði fyrsta trompet svo lengi sem elstu menn mundu, héldi sínum framtönnunum. Þegar aðeins ein tönn var eftir – og hún þar að auki laus – var últíð orðið ansi dökkt. En tönnin hékk og lúðrasveitin er enn lifandi.

Stór þáttur í starfi lúðrasveita eru ferðalög, bæði innan lands og utan. Í einni slíkri ferð birtist Hamlet Danaprins ljósliðandi á sviði samkomuhússins á Pingeyri og fann þar ráð við sínu mesta vandamáli er hann sagði:



„Að lokum finn ég raunar ráðið sjálfur.

Að vera eða ekki vera, er að vera bara hálfur“. En á heimleið úr þessari sömu ferð skeði það þegar klarinettsleikari lúðrasveitarinnar tók að sér starf rútbúlstjórans að vél bílsins hrundi með svo háum og ógnvekjandi hljóðum að lúðrablásurunum varð ekki um sel og voru þeir þó ýmsu vanir frá eigin spilamennsku.

Þá bar það eitt sinn til að frændur vorir Norðmenn voru sóttir heim. Fararstjóri í þeiri ferð var kvenskörungur einn af Helgafellsætt og höfðu menn að órði að þar færir hin ókrýnda drottning norðursins. Ýmis viðbrögð mátti sjá þegar flugvél hóf sig á loft af Keflavíkurflugvelli. Sumir gripu andann á lofti og tár blikuðu í augum. Ekki skal neinum getum að því leitt hverjar ástæður lágu að baki en eitthvað voru viðbrögðin svipuð þegar ekið var upp Tröllstigann nokkrum dögum síðar. Í þessari sömu ferð lá leiðin um Guðbrandsdal og upplýsti þá trompetleikarinn, sá hinn sami og tannfellir hafði hrjáð svo mjög nokkrum árum áður, en hann hafði komið til Noregs fyrr, að allar kýr í þeim fagra dal væru eins. Þetta þótti mönnum mjög merkilegt, einkum þegar þeir fóru að sjá allavega litar kýr sem voru á beit í dalnum svo langt sem augað eygði. En hinn gamalreyni lúðrablásari hafði skýringu á þessu fyrirbæri. Þær beljur sem ekki báru réttan lit voru auðvitað gestir í Guðbrandsdal. Við þessu áttu menn engin svör og sátu hljóðir lengi, og voru þó konur með í fórt.

Jón Över Pétursson:

## Tíkall úti að slá

Það var fyrir nærfelt 40 árum að ég gerði mér grein fyrir því að ég væri gæddur stórkostlegum tónlistargásum. Til þess lágu þó hvorki sýnilegar né skynsamlegar ástæður. Enginn hafði orðið þess var, nema síður væri. Þetta varð að slíkri þráhyggju að ég varð að gera eitthvað í málunum. Það lá því beinast við að gerast félagi í Lúðrasveit Stykkishólms sem var eina stórhjómsveitin á staðnum og hafði þá starfað í mörg ár og gert garðinn frægan. Stjórnandinn, Vikingur heitinn Jóhannesson, sá mikli mannkosta- og hæfileikamaður, tók mér afar vinsamlega. Varð það úr að ég skyldi takast á við trompet. Hljóðsfæri það fannst mér hvorki mikið að vöxtum né virðulegt og tókust fáleikar með okkur frá upphafi. Varð Vikingur því daprarí á svipinn því fleiri sem æsingarnar urðu og sá hann að hér var ekki allt með felldu. Var nú einsýnt að hæfileikar míni lágu ekki á tíðnisviði trompetsins. Barði ég þá augum lúður einn firna mikinn og föngulegan og spurði hvort gripur sá væri falur, vildi ég gjarnan reyna við hann fangbrögð. Reyndist þetta vera túba. Ekki var Víkingi þrotin þolinmæðin og var hann fús að reyna mig til þrautar. Er skemmt frá því að segja að kærleikar miklir tókust með okkur túbunni. Var ljóst að ég hefði nánast sérhannaðan túbukjaft svo auðveldar urðu nú æsingarnar og leið ekki á löngu að ég fengi inngöngu í lúðrasveitina. Mér varð starsýnt á kistu þá hina miklu sem Árni Helgason hafði látið smíða um lúður sinn. Hún var hið mesta gersemi og hefi ég ekki aðra eins völundarsmið séð, nema ef vera kynni Valþjófsstaðahurðin sú hin fræga. Öfundaði ég Árna mikið af þessu „rariteti“ en sá þó fljótlega að léti ég smíða jafn efnismikinn búnað utan um túnuna yrði ég að flytja hana á hestvagni, en bestvagn og því síður

hestur voru til í Viðvík, þar sem ég átti heima. Bjarni Lár hafði verið túbuleikari Lúðrasveitarinnar í mörg ár og átti ég nú að verða honum til halds og trausta. Bjarna varð þó fljótlega ljóst að ég var alls ekki með á nótunum en það kom ekki að sök því Bjarna vantaði aldrei, hvorki á æfingar eða hljómleika. Svo kom að því að halda skyldi hina árvissu tónleika Lúðrasveitarinnar. Þóttu tónleikar þessir hinn mesti viðburður og komust venjulega færri að en vildu. Í þetta sinn man ég að sérlega skyldi til þeirra vandað.

Þóttu nú tilhlýðilegt að fremja einleik á lúður. Ekki man ég hver átti hugmyndina að því að velja til þess ólíklegasta einleikshljóðfærið, túbuna. Best gæti ég trúð því að þar hafi Bjarni Lár átt hlut að málí. Og auðvitað varð ég sem ungar og upprennandi listamaður fyrir valinu. Fór ég nú huldu höfði og æfði af miklu kappi. Sunnan girðingar í Viðvík gekk tarfur einn laus, hið mesta illfygli. Hafði ég eitt sinn átt fótum mínum fjör að launa þá er ég hugði að berjum hans megin við girðinguna. Heyrt hafði ég að naut væru sérlega næm á tóna og liti. Hugðist ég nú kanna álit bola á stórverkí því sem ég hafði nú æft að fullu. Griðungurinn stóð fast við girðinguna, froðufelldi, rótaði upp sverðinum með hægri framfæti og bölvæði gríðarlega. Ég tók mér stöðu á móti honum eins nærrí og ég framast þorði. Ekki hafði ég lokið nema þremur fyrstu upphafstónunum þegar boli umturnaðist. Bölvíð breyttist í skelfingargaul. Hann vatt sér svo snöggt við, að varla mátti auga á festa og það var hroðalegt að sjá í kolsvartan norðurendann á honum þá er hann æddi suður móana. Pessi viðbrögð hans þótti mér lofa góðu og var ég því ákaslega afslappaður þegar að tónleikunum kom.

Eins og við mátti búast var salurinn í gamla samkomuhúsinu troðfullur. Lúðrasveitin tók nú til að leika af miklum tilþrifum við verðskuldaðar undirtektir áheyrenda. En svo var komið að mér. Ég tók mér stöðu framarlega á sviðinu. Vegna túbunnar var ég nokkuð framhallur og gleiðstaðinn. Jók þetta umtalsvert á virðuleikann. En vegna þess að húfan var nokkuð við vöxt og vildi húkkast niður fyrir gleraugun varð ég að keyra höfuðið á bak astur og var það tilkomumikil sjón.

Ljósgeislar frá tveimur 25 wattu perum beindust að mér og upphófst uú hið fegursta samspil ljóss og tóna þá er ég hóf flutning þessa mikla verks: „Tíkall úti að slá“, eftir einhvern gömlu meistaranna.

Flutningurinn stóð í hvorki meira né minna en tvær mínútur og sextán sekúndur með tilheyrandi bakföllum. Er honum loksins lauk var grafarkyrr í salnum. Aðeins spangól í hundi utanhúss rauf þögnina. Ég var aðframkominn og útblásinn eftir stórvirkri þetta og skakklappaðist haltur á báður út af sviðinu. Ég gat ekki beðið þess dynjandi lófaklapps sem aldrei kom.



Áskell, Svanlaugur, Eyþór, Bjarni

Sigrún Ársælsdóttir

## Ferð til A-Þýskalands sumarið 1988

Í júní í fyrra var Lúðrasveit Stykkishólms boðið á tónlistarhátið í Rostock í Austur-Þýskalandi og með sveitinni fórum við nokkrir foreldrar.

Það sem fyrst kemur upp í hugann er hve heppin við vorum með veður og hversu mikið var stjanað við okkur. Allan tímann sem við vorum þarna fengum við fæði og húsaskjóli ókeypis. Einnig höfðum við stóran strætó til umráða þessa daga. Við höfðum líka frábæran túlk sem var okkur innan handar á nótta sem degi. Húsnaði var í blokk sem var annars ætluð farandverkamönnum. Þar bjuggum við með norsku lúðrasveitinni og þeirri vesturbýsku. Dagurinn byrjaði snemma, (ég held við höfum sofið út tvisvar sinnum) því kl. 7.30 hljóp Daði („okkar frábæri stjórnanndi“!) um alla ganga á fimm eða sex hæðum og vakti liðið. Krakkarnir fóru í búningana og báru hljóðfærin út í bíl. Svo var haldið af stað í morgunverð. Við borðuðum yfirleitt í stórum veitingasal sem í var móturneyti fyrir skólaþólk. Þar fengum við líka hádegis- og kvöldmat. Vasapeninga fengum við líka og áttu þeir að duga fyrir drykkjum. Við foreldrarnir fylgdum krökkunum yfirleitt alltaf þegar þeir voru að spila, en það gerðu þau einu sinni til tvisvar á dag. Það var alltaf nóg að gera, aldrei dauðir punktar. Allt var vel skipulagt og þeim, sem að þessari hátið stóðu, til mikils sóma.

Lúðrasveit Stykkishólms vakti athygli hvar sem hún fór. Þeir voru langyngstir, krakkarnir okkar. Við fullorðna fólk ið vorum alltaf jafn hreykin af þeim, og höfðum sannarlega ástæðu til þess. Ég ætla ekki að lýsa ferðinni sem slíkri en langar til að segja frá því hvernig land og þjóð komu mér fyrir sjónir.



Siggeir og Njáll.

„Glöggt er gests augað“ er oft sagt. Fljótlegra tókum við eftir því að ekkert rusl var að sjá á götum úti. Eftir opnunarhátiðina, þar sem voru þúsundir manna, sást ekki einu sinni karamellubréf liggja eftir. Fyrir utan verslanir voru staðsettir gámar þar sem fólk setti notaðan pappír í einn og gler í annan, o.s.frv. Matvöruverslanir komu okkur einkennilega fyrir sjónir því þar voru engar auglýsingar né neitt gert til að glepja fólk til þess að kaupa. Innkaupatösku varð fólk að eiga því engir plastpokar voru á boðstólum. Hin svokallaða „þokamenning“ sást ekki.

Margan síðinn hefðum við getað tekið með okkur heim öllum að skammlausu. Í fyrstu þótti okkur skrítið að horfa á bílana þeirra. Á götunum sást bara Trabant og Wartburg, ekki Subaru og Toyota. Annars sagði einn ferðafélaginn litla sögu um af hverju mennirnir þarna væru svona duglegir að halda utan um konurnar. Jú, það var af því að þeir áttu engan bílinn. Það getur nefnilega tekið langan tíma að eignast hann. Fyrst þarf að sækja um leyfi, svo geta liðið allt að því tíu ár þar til leyfið er veitt. Allir virtust samt sem áður ánægdir með lífið og tilveruna og allir höfðu nóg í sig og á.

Annað var það sem vakti furðu okkar og það var þetta með ferðafrelið. Frá því fólk fæðist og að 64 ára aldri er því óheimilt að ferðast til annarra landa nema með leyfi stjórvalda. Ég ætla að ljúka þessum skrifum mínum á því að lýsa ánægju minni yfir að hafa farið þessa ferð, betri og skemmtilegri ferðafélaga en Lúðrasveit Stykkishólms er vart hægt að hugsa sér.



Borsteinn og Halla Dís.

Guðrún Marta Ársælsdóttir:

## ,Ást við fyrstu sýn“

Lúðrasveit Stykkishólms er 45 ára og ég vil nota tækifærið og þakka fyrir þá ánægju sem ég hef haft af henni. Þegar við hittumst fyrst, L.S. og ég, vorum við bæði ung að árum, ég 16 ára stelpugopi en L.S. 19 ára. Ég kom hingað í heimsókn á sjómannadag og svo merkilegt sem það er var þetta í fyrsta sinn sem ég sá og heyrði í lúðrasveit, fyrir utan það sem útvarpíð flutti. Skemmst er frá því að segja að ég félldi fyrir lúðrasveitinni þannig að frá minni hálfu var þetta ást við fyrstu sýn. Síðan liðu fá ár þangað til ég flutti til Stykkishólms og við hjónin höfum alið L.S. þrjá meðlimi, þannig að það má segja að þessi ást hafi borið góðan ávöxt. En svona án gamans, innilegar hamingjuóskir og þakkir fyrir aðstoðina við uppeldið. Það er ákaflega broskandi fyrir ungmenni að vera með í þeim félagskap sem gerir kröfur til meðlima sinna. Og það er ekki bara leikur að leika í Lúðró, það er vinna, aftur vinna og samvinna, vegna þess að félagar í L.S. gera sér grein fyrir því að hver og einn ber ábyrgð á endanlegri útkomu. Enginn hlekkrur er öðrum æðri. Að vera foreldri í L.S.? Það er ýmislegt sem mæðir á þeim sérstaklega þegar ferðalög standa fyrir dyrum. Í hugann koma ótal kökubasarar í Hljómskálanum, í Bíóhúsinu, í Hólmkjör eða þá flöskusöfnunin, hún var nú kapítuli útaf fyrir sig. Það var nokkuð skondið fyrir okkur foreldrana að ganga í hús og biðja um tómar öflflöskur og selja í leiðinni upphovtakústa og tuskur. Bílskúrar hálffullir af tómum flöskum eins og sorppökkunarstöðvar. Einu sinni var heimilisbíllinn meira að segja gerður að sjóppu og selt sælgæti úr skottinu. Já, foreldri í L.S. má ýmislegt þola, til dæmis er hálfundarlegt fyrir þann sem aldrei hefur spilað á hljóðfæri og getur varla rekið upp réttan tón að hlusta á „heimaæsingarnar“. Spilað Just a Gigolo í einu herberginu meðan Nallinn er blásinn í

öðru og sú þriðja æfir Atti katti núa á blokkflautu á ganginum.

Já, það er margt sem kemur í hugann. Ég minnist þess þegar sú elsta spilaði fyrst opinberlega – það var á þeim árum sem L.S. notaði hermannabúningana. Nema hvað! Hún var aðeins tíu ára svo að fötin voru öll við vöxt, þó fannst fyrir rest búningur af Lalla Heddýjar. Þetta var 1. maí spilamennska því átti að mæta kl. 1.30 í félagsheimilinu. Það var sko vaknað snemma. Kl. 8 um morguninn var risið úr rekju og farið að æfa og blásið til um kl. 9. Þá var byrjað að klæða sig í múnðeringuna og skoða vel í spegilinn hvernig húfan fór. Lítill matarlyst en því meira sjálfsálit. Ekki við það komandi að við foreldrarnir mættum fylgja henni. Loks var tími til að fara að hafa sig af stað, en hvað skeði? Sú sem fór svona kotroskin út og þóttist vera fær um flest í nýja búningnum varð eithvað ó örugg þegar út á götuna kom og þordi ekki að halda áfram ein. Ekki var þó snuð heim heldur hlaupið yfir götuna til Benna á móti, bankað og spurt: „Benni, má ég ekki vera með þér?“ Sem var auðsótt því ekki hefur aldursmunurinn plagað lúðrasveitarfólk. Sá yngsti er jafn þeim elsta.

Lúðrasveitin er 45 ára og hefur aldrei verið yngri, meðalaldur 14-15 ára. Það er ánægjulegt að hugsa til baka til þeirra ferða sem ég hef verið svo lánsöm að taka þátt í. Svo sem Vestmannaeyjaferð á vegum S.I.S.L. mótt þar sem L.S. var í hópi jafningja í aldri og svo nú síðastliðið sumar, ferð til Danmerkur og A-Þýskalands þar sem L.S. var langynst þáttakenda en í bæði skiptin til sóma fyrir góða framkomu og spilamennsku.

Lúðrasveit Stykkishólms. Til hamingju með afmælið og spilið ykkur inn í framtíðina.

Ykkar Gunna Marta.



Bylgja og bangsinn sem Lúðrasveit Akureyrar gaf okkur á Landsmótinu í Stykkishólmi 1979.

Viðtal við Ronald Turner:

## „Þú getur aldrei orðið söngvari”

Lengi hafa útlendir tónlistarkennarar starfað hér á landi. Oftast hafa þeir átt skamma dvöl en nokkrir hafa þó sest hér að og til eru þeir sem hafa verið svo lengi að maður heldur að þeir hafi alla tíð átt heima á Íslandi. Breytir þar engu þótt nöfnin hljómi skringilega í eyrum.

Ronald Wilson Turner hefur verið á Snæfellsnesi í átta ár en hann er núna organisti og kórstjóri í Stykkishólmskirkju og hefur kennt við Tónlistarskólann síðan í haust. Hann réðst upphaflega til Ólafsvíkur sem skólastjóri tónlistarskólans og kenndi þar til ársins 1983. Næstu tvö árin dvaldi hann við framhaldsnám í Bandaríkjunum og fluttist síðan til Grundarfjarðar þar sem hann var skólastjóri Tónlistarskóla Eyrarsveitar og organisti.

Ron er Bandaríkjamaður af írskum og skoskum ættum og ólst upp í smába í Norður-Carolinu. Á vetrum bjuggu þar aðeins 200-300 manns en á sumrin var bærinn miðstöð námskeiðahalds á vegum kirkjunnar og þá tífaldaðist íbúatalan. Héraði í kring er fjölsótt af ferðamönnum enda rómað fyrir óspilla náttúru, fjöll og gríðarmikið skóglendi sem er friðlýst. Íbúarnir höfðu flestir atvinnu af þjónustu við námskeiðin og ferðamenn og í sveitunum er stunduð epla- og ferskjurækt.

- Ég spurði Ron fyrst um skólagöngu hans.

Ég lauk „High school“ heima þegar ég var sautján ára og þá fór ég í háskóla sem heitir Mars Hill College og var einnar og hálfrar standar akstur að heiman. Þar var égi í tvö ár og fór þaðan í University of North-Carolina í Charlotte sem er einn af sextán háskólum sem mynda University of North-Carolina og eina önn var ég á listaháskóla þarna Aðalgrein míni í háskólanum var tónlist og þá sérstaklega söngur og ég lauk BA prófi þaðan 1976. Síðasta árið mitt í háskólanum starfaði ég sem æskulýðsfulltrúi og kórstjóri í kirkju nálægt skólanum og hélt því áfram eftir að ég lauk námi.

- Hvað heldurðu að hafi ráðið því að þú fórst í tónlistarnám?

Það er ekki gott að segja. Ég hafði alltaf haft gaman af að syngja og þegar ég var tíu ára eða svo man ég eftir að við vorum í messu og eftir fyrsta sálminn þá beygði pabbi sig niður að mér og sagði: „Heyrdu vinur, það er ekki aðalatriðið að syngja eins hátt og við getum“. Panuig að þetta hlýtur að hafa látið illa í eyrum þeirra sem heyrd. Annars var það svo merkilegt að i þessari litlu sveitakirkju okkar var kórstjóri sópransöngkona sem hafði lært hjá Ettore Campogalliani en hann var einmitt kennari Pavarotti í Milanó. Hún var alveg dýrðleg söngkona og þótt ég gæti varla spilað þá var ég stundum fenginn til að spila undir hjá henni. Móðir hennar var organistinn og átti mikil af gömlum sígildum útsetningum fyrir orgel og píanó og um leið og ég gat staðað mig fram úr því þá var ég hvattur til að halda áfram. En ég hafði geysilegan áhuga á að læra að syngja og var alltaf að æfa mig heima en þar sem ég var þá að koma úr mítum og hljóðin hafa ekki verið mjög fögur þá fóru foreldrar minir til þessarar söngkonu og báðu hana um að taka mig í tíma. Hún tók mig í nokkra tíma og hafði síðan samband við foreldra mína og sagði þeim að þetta væri mjög sorglegt, ég hefði bara ekki snefil af sönghæfileikum! Spurði hvort ég vildi ekki athuga með myndlistarnám eða eitthvað annað því ég gæti ekki lært að syngja.



- Flestir hefðu gegnt því. Hvernig stóð á því að þú hættir ekki?

Foreldrar minir sögðu mér ekki frá þessu fyrri en mörgum árum seinni! Ég fór næst til annars kórstjóra í nágrannabæ og það fyrsta sem hann sagði við mig var: „Þú hefur nú mikla rödd“. En hann vildi ekkert taka fyrir kennsluna og hefur kennski talið sig vera að gera góðverk. Þetta var góður og bolinmóður kennari og ég vann mikil með kassettur sem ég söng inn á og þannig gat ég lagat mikil það sem ég gerði vitlaust. Mér fór fljótt fram og gat eftir tæpt ár sungið á inntökuprófi í háskólanum og fékk námstyrk að auki. Ég vissi hvað ég vildi. Ég vildi ekki grafa mig niður á skrifstofu eða vinna við byggingaríðnaðin og tónlist var eitthvað sem snerti mig alveg innst inni, og gerir enn, og það var fátt sem mér fannst eins áhrifamikið og fallegur söngur.

- Hvernig i ósköpunum datt þér í hug að koma til Íslands?

Skólabróðir minn einn hafði verið á Íslandi og hann kom við hjá mér á leið sinni til Kaliforníu frá Ólafsvík og sagði að þetta væri eitthvað sem ég ætti að prófa. Ég hafði þá verið í Norður- og Suður-Carolinu alla mína ævi, hafði aldrei stigið upp í flugvél, og lífði mjög óævintýralegu lífi. Ég var með mjög góðan kór og frábæran organista en ég sló nú samt til.

- Hvernig voru fyrstu kynningar?

Ég var ráðinn frá áramótum sem skólastjóri Tónlistarskóla Ólafsvíkur en af því að ég hafði svo miklar áhyggjur af tungumálinu þá kom ég hingað 19. desember til að reyna að komast inn í málið. Ég var með kennslubók í íslensku og kassettur sem vinur minn hafði talað inn á nokkrar setningar eins og t.d.: „Spila þetta aftur“, og „þú þarfst að æsa þig meira heima“. Það var nú meira ævintýrið! Hann hafði sagt mér að brátt fyrir nafnið þá væri nú ekki svo mikil af is og snjó og frekar hlýr vetur miðað við fjöllin þar sem ég þekkti til Ég hafði aldrei heyrt Íslands getið fyrir jafnvel þótt ég þættist sœmilega að mér í landafræði og sögu Evrópu. Norðulöndin

voru bara ekki inni í þeiri mynd. Ég lenti í Keflavík og allt á kafí í snjó og ekki víst hvort við kæmumst til Reykjavíkur vegna ófærðar. Það var nú margt fleira en veðrið sem kom manni á óvart t.d. smáatriði eins og fyrsti morganverðurinn á hótelinu. Ég hélt að morganverður gæti ekki verið annað en beikon og egg og hafragratur. Þegar ég kom á bensinstöðina í Ólafsvík með allan minn farangur vind ég mér að ungum manni og sprýr: „Where do I find a taxi?“ og hann bara hló að mér en fékk kunningja sinn til að keyra mig. Fyrstu vikurnar var ég eins og glápandi smábarn, allt var svo ólíkt. Þegar ég kom í matvöruverslanirnar blöstu við mér alls konar pakkar og vörur sem ég hafði ekki hugmynd um hvað var. Mér fannst þetta vonlaust og ég mundi aldrei geta fundið út hvað væri aett. Ég vissi aldrei hvort ég var að kaupa þvottaefni eða súpu, lambakjöt hafði ég aldrei séð og fiskur var sjaldséður á borðum í miuni sveiti.

- Nú hefur þú mikla reynslu af tónlistarskólum á Íslandi og þótt við teljum 25 ára skóla nokkuð gamlan í hettunni þá er það líklega lítt aldur í samanburði við tónlistarmenntun í þínu heimalandi. Að hvaða leyti er tónlistarnám hér frábrugðið því sem þú hekkir til í Bandaríkjunum?

Það er fyrst og fremst það að almenningi hér býðst tækifæri til einka- og hópkennslu á viðráðanlegu verði á einum stað. Þegar ég byrjaði á píanó þá þurftu foreldrar míni að finna fyrir mig kenuara. Ég var hjá premur kennurum og var reyndar mjög heppinn með þá, sem er ekki alltaf raunin. Hér geta allir sem vilja komist í nám og á miklu lægra verði. Í grunnskólanum úti er tónmenntakennsla viðast í mjög góðu lagi og öll lúðrasveitarkennsla og grunnskólanum. Ég var fimm kennslustundir á viku í lúðrasveit og úti í Bandaríkjunum er samfelldur skóladagur þannig að þetta er miklu minna álag á börnin. Hér fá krakkarnir þó fleiri einkatíma í tónlistarskólanum og einnig er boðið upp á tónfræði og vonandi seinna tónheyri og tónlistarsögu.

- Því er oft haldið fram að tónlistariðkun barna og fullorðinna sé proskandi. Hvað er svona holtt og gott við þetta allt saman?

Það er nú ýmislegt. Rannsóknir hafa t.d. leitt í ljós að hörn sem stunda tónlistarnám eru oft betri stærðfræðingar en hinir sem ekki leggja stund á tónlist. Tónlistarkennsla er mjög misjöfn eins og önnur kennsla en ef vel gengur kynnað børn sinni eigin menningu í gegnum tónlistina og þau læra að njóta tónlistar og tjá sig með henni. Þá er ég ekki að tala um tónlist sem er eins og sibylja í eyrunum á börnum heldur tónlist

sem tjáningartæki. Tónlistarnám krefst aga og einnig, hjá lengra komnum nemendum, viðamiks skilnings og kunnáttu á listastefnum sem snertir allar listgreinar, ekki bara tónlistina, og þegar best lætur leiðir þetta til betri skilnings á umheiminum og ákvæðins proska í lífinu.

Ég verð nú að viðurkenna það að oft leggjum við allt of mikla áherslu á að kenna að þessi nota heiti E og þessi nota sitji á þriðju línu o.s.frv. en eyðum kannski ekki nógum miklum tíma í að sýna börnum hvað tónlist getur gert fyrir þau og vakið hjá þeim sköpunarþrána og ímyndunarafla. Tónlist hefur nefnilega fylgt okkur frá upphafi. Söngur er eitt af því sem greindi okkur frá öpum í fyrrdinni og menn deila jafnvel um hvort hafi komið fyrir fram hjá mönnum, tungumálið eða söngurinn. Söngur og dans eru eðlilegur hluti af okkar veruleika og ég held að litlu börnin okkar sem eru að byrja í tónlist hefðu best af því að njóta tónlistar eins og hún er af náttúrunnar hendi – skemmtileg, hressandi og lifandi – í stað þess að vera alltaf í smáatriðum. Maður er alltaf að lesa um nýjar aðferðir í píanókennslu þar sem kennararnir láta yngstu nemendurna t.d. hreyfa sig eftir tónlistinni í stað þess að spila hana og þá hugsar maður um hvað við getum oft verið hundleiðinlegir þegar við stöndum yfir krökkunum eins og dómarar og höfum kannski sognið úr tónlistinni alla lífsgleði.

- Hver er þín uppáhaldstónlisti Ron?

Það fer svoltið eftir skapinu. Á sunnudagsmorgnum er það Bach, orgelverk í botni. Oftast hlusta ég á kórverk, Mozart eða Fauré. Ég set stundum á fóninn Ein deutsches Requiem eftir Brahms og það er líklega eitt áhrifamesta tónverk fyrir mig persónulega því það er eitt af fyrstu verkunum sem ég söng í stórum kór og snertir mig ákaflega djúpt. Messias eftir Handel er alltaf jafn aðislegt verk og þetta hefur kannski svoltið sérstaka þýðingu fyrir mig því í fyrsta skipti sem ég kom fram sem einsöngvari þá söng ég bassahlutverkið í Messiasi.

- En önnur áhugamál?

Tónlistin er aðaláhugamálið eins og hjá flestum tónlistarmönnum en ég hef gaman af bókmenntum og reyni að halda mér við í lestri og hef reynt að lesa svoltið á íslensku. Kristnihald undir jöklum er í miklu uppáhaldi hjá mér – mér varð einmitt hugsað til Umba þegar ég var að leggja kaffið á bord fyrir þig áðan. Ég hef mjög gaman af Laxness og á nokkrar bækur eftir Þórarinn Eldjárn. Myndlist er líka áhugamál og ég hef safnað svolti af myndum en tónlistin verður alltaf númer eitt.



Ron og yngri bjöllukórinn.

Eyþór Benediktsson:

## Aldrei vinur althornsins

Glampandi sól. Var ekki annars alltaf sólskin? Það hefur áreiðanlega verið hlýtt og það hlýtur að hafa verið komið fram í september. Við sáum og léturn fara vel um okkur fyrir utan Lengju eftir hádegið og kjöftuðum. Nýbúnir að borða saltfiskinn og tólgarbragðið enn í munninum. Ég þori þó ekki að leggja höfuðið að veði um að það hafi verið saltfiskur í hverju húsi, það gætu hafa verið kjötbollur sums staðar.

Ég man ekki nákvæmlega hvaða strákar voru þarna en það voru örugglega Gunnar Svanlaugs, Kristján Ágústsson, Águst Heiðar, Gústaf, Böbbi heitinn og nokkrir fleiri. Enginn hafði boðað til fundar enda var ekkert á dagskrá og alvara lífsins jafn langt úti í buskanum og skólinn sem byrjaði ekki fyrr en í október – og þá fyrst var komið haust. Ekki sátu menn þó og þögðu saman því þá væri ég líklega búinn að gleyma þessari stund sem er svo ljósflandi í endurminningunni. Það sem gerir hana minnisstæða er einmitt eitt umræðuefnis. Einhverjur höfðu haft af því fréttir að um haustið tæki til starfa tónlistarskóli. Þetta var eithvað fyrir okkur. Tónlistarskóli var leið til að láta nývaknaða tónlistardrauma rælast. Við sem höfðum troðið upp á líklegum og ólíklegum stöðum með

kústsköft, krossviðsgítara og raddböndin. Áttum meira að segja kr. 90,- á bók í sparisjóðnum sem Jói Rafns hafði losað að ávaxta fyrir okkur og höfðum gert um það samkomulag að þeir peningar skyldu notaðir til hljóðfærakappa. Í tónlistarskólanum gátum við lært á alvöru hljóðfæri og fljótlega var hver farinn að tala í kapp við annan og hljóðfæraskipun væntanlegra hljómsveita rædd fram og aftur. Gætu allir verið með? Yrði bara kennt á lúðra? Gætum við farið að spila í alvöru fyrir jól? Flestir töldu það líklegt.

Ég segi ekki að við höfum verið neinir draumóramenn en einn af öðrum drögum við okkur í hlé og kjaftakliðurinn á Lengjuhólnum þagnaði þegar við hurfum inn í draumalandið og myndin í tækinu – sem var að vísu ekki búið að finna upp – var af okkur í eins jökkum sveiflandi saxófónum í takt, þenjandi trompeta, rafmagnsgítara og hammondorgel....

Svo er það annan dag síðar – og engin veðurlýsing – því við vorum inni í Hljómskála. Þangað höfðum við sigið úr draumalandinu frá Lengju alveg eins og Hljómskálinn forðum af Bókhlöðugrunninum. Það var verið að setja tónlistarskólan í fyrsta sinn og sjálfsagt hafa verið fluttar ræður og margt spaklegt sagt um



Lúðrasveit Stykkishólms á 17. júní 1980.



Helgi, Kári, Hreiðar, Gunnlaugur og Daði á æfingu í bjöllukór.

aðdraganda þessa fyrirtækis og framtíð þess. Ég bara man ekki neitt af því.

Þegar athöfninni var lokið sátu eftir fjórir tíu og tólf ára strákar sem höfðu skráð sig sem nemendur í lúðrablaðstri. Þetta voru, auk míni, þeir Gunnar Svanlaugsson, Krisján Ágústsson og Águst Heiðar Sigurðsson. Nokkrum klappstólum úr járni hafði verið raðað við vesturvegginn hjá upphækjunni. Þar var okkur boðið sæti og yfir vatnsgreiddum kollunum, hvítum og rauðum, hékk myndin af Beethoven – sem gjói held ég enn þann dag í dag gráleitum augunum á alla þá sem hús þetta gista. Augnaráði stingandi og hvergi skjól fyrir því í salnum og tvíræður munnsvipurinn hálfpartinn sorgmæddur og stundum meinfysið glott sem sagði þá: „Jah, það þarf að æfa sig heima drengur minn“. Ég var hálfteginn fyrir hans hönd og okkar þegar Vikingur sagði okkur seinað að hann hefði verið heyrnarlaus þó ég hafi að vísu vorkennt honum og ekki getað annað en dáðst að því að heyrnarlaus maður gæti samið tónlist.

Loks birtist Vikingur með trumpet í höndunum og tók sér stöðu fyrir framan vatnsgreiddar nélonskyrtunar. Þetta var eiginlega verra en að fara í próf. Samt þekktum við Viking af góðu einu og hann var auk þess mun vingjarnlegri á svipinn en félagi hans á vegnum fyrir aftan okkur. Hann hafði engan formála heldur rétti trumpetinn þeim sem sat ystur til vinstri og bað hann gjöra svo vel og blása. Gunnar mátaði varirnar við munnstykið, leit á Viking, dró djúpt að sér andann og blés af öllu afli. Og viti menn, það kom hljóð úr lúðrinum. Eldraður og loftlaus rétti hann Vikingi hljóðfærið. Næsti. Ég var seginn að ég hafði áður stolist til að blása í lúðurinn hjá pabba. Dró að mér andann eins og ég ætlaði að kafa yfir endilanga laugina og gat kreist fram einhver hljóð. Vikingur kinkaði kolli.

Pannig röðina á enda. Tónlistarbraut okkar fjórmenninganna réðst af því hvort við náðum tóni úr þessum trumpet. Ef það gekk ekki sékk viðkomandi althorn, tenór, eða básunu.

Við fórum heim með boð um að mæta síðar á alvöru lúðraæfingu. Næstu daga og víkur bættust fleiri í hópinn: Siggi Boggu, Eggert Jóns, Siggi Ingu, Hinni Axels, Bent, Ingó, Helgi, Águst Georgs, Böðvar Páls, Þórður Njáls og fleiri. Hver sékk sitt hljóðfæri og æfingarnar voru tvívar í viku. Vikingur danglaði tónsprötanum í nótnastólana og Beethoven þakkaði sínum sæla fyrir heyrnarleysið. En það get ég fullyrt að hann missti fyrir bragðið af ótal bröndurum, skellihlátri og frábærum hugmyndum um tónlist og flutning hennar.

Það er alkunna að persónuleiki manns mótað af því hljóðfæri sem maður spilar á – eða er það öfugt? Að minnsta kosti fannst mér trumpetinn alltaf vera mitt hljóðfæri og fara mér nokkuð vel. Fjórum árum síðar vantaði mann á althorn. Vikingur bað mig að skipta og ég gegndi að sjálfsögðu þó að ég væri hálfspældur. Þetta var eins og að fara í of stóri fót af einhverjum öðrum. Þau fara manni illa þó þau séu góð fyrir þann sem þau eru saumuð á. Pannig varð ég aldrei vinur althornsins sem ég spilaði á í einn vetur – eftirlöggin áttu einfaldlega ekki við minn karakter. Það er aðeins eitt hljóðfæri Annað en trumpetinn sem ég held að fari mér jafn vel. Það er saxófónn. Leiðir okkar hafa bara ekki legið saman ennþá en ég vona að það verði áður en ég geng í lúðra- og hörpusveit þeirra Gabríels og Mikjáls erkiengla. Þess vegna hef ég sett mér það takmark að vera búinn að ná einhverri leikni á saxófón áður en yfir lýkur því mig grunar að trumpetseitin sé fullskipuð og ég ætla sko ekki að spila einhver fjandans eftirlög á sjómannaðeginum í eilífðarlandinu.

# Landsmót Sambands íslenskra lúðrasveita í Stykkishólmi 1979





Láðrasveit Tónlistarskóla Stykkishólms 1983-1984, ásamt stjórnendum.

*Efsta röð: Hafsteinn Sigurðsson, Sæþór Þorbergsson, Kristinn Þór Ellertsson, Hörður Hermannsson, Grétar Elías Finnsson, Kristófer Ásmundsson, Heiðrún Höskuldsdóttir, Bylgja Baldursdóttir, Anna Sigrún Baldursdóttir, Daði Þór Einarsson.*  
*Miðröð: Áslaug Guðmundsdóttir, Jón Þór Sturluson, Valdís Rögnvaldsdóttir, Steinunn Helgadóttir, Una Særún*

*Karlsdóttir, Halla Dís Hallfreðsdóttir, Þorsteinn Gunnar Ólafsson, Þorvarður Lárus Björgvinsson, Sigurður Ingi Viðarsson.*

*Fremsta röð: Gyða Steinsdóttir, Selma Sigurðardóttir Amlin, Steinþór Einarsson, Björg Ólöf Sigurþórsdóttir, Guðmundur Ásmundsson, Vignir Jónasson.*

**METBÓ**  
18 MÁNAÐA  
SPARIBÓK

**Gullbók**  
SPARIBÓK  
MEÐ SÉRVÖXTUM

**BÚNAÐARBÍÓK**  
TRAUSTUR BANKI

**BÚNAÐARBÍÓK**  
TRAUSTUR BANKI

**MARKVISS STEFNA**  
**Í MEIRA EN**  
**HÁLFA ÖLD**

- \* Arðbær rekstur
- \* Traust eiginfjárstaða
- \* Sterk lausafjárstaða
- \* Mikill vöxtur innláana
- \* Jöfn dreifing útláana

Innlánsviðskipti – leið til lánsviðskipta.

**BÚNAÐARBÍÓK**  
TRAUSTUR BANKI

Aðalgotu 10, STYKKISHÓLMI. Sími 93-81350

# AFMÆLISRIT

Sumardagurinn fyrsti – 1989

